

**VENDIPUNKTAR** Grýla klekkir á „flottræflum“ og „Epal-kommum“. **10**



**MENNING** Sérfræðingar meta freyðivínið fyrir áramótaveislurnar. **40**



**SPORT** Alfreð Finnbogason bætti 33 ára gamalt markamet Péturs Péturssonar á árinu 2012. **48**







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
27. desember 2012
303. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Bjöllur flugu út úr skápnum

Svokallaðir hrísranar, litlar bjöllur, gerðu fjölskyldu lífið leitt þegar þeir bárust inn á heimili hennar með hamstrafóðri. **2**

**171 barnaníðingur sakfelldur** Á síðustu 90 árum hefur 171 karlmaður verið dæmdur í Hæstarétti fyrir barnaníð. **4**

**Ófrágengnir samningar** Ríkisendurskoðun gagnrýnir stjórnvöld vegna laga um einstaklingsmiðaða starfsendurhæfingu. **6**

**Nýta gjafabréfin** Neytendasamtökin beina þeim tilmælum til landsmanna að draga ekki um of að nýta gjafabréf eftir jólin. **12**




**20**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Bolungarvík** | 0° | SA | 15 |
| **Akureyri** | -1° | SA | 8 |
| **Egilsstaðir** | -3° | SA | 8 |
| **Kirkjubæjarkl.** | -1° | ASA | 9 |
| **Reykjavík** | 0° | SA | 11 |

**Vaxandi vindur** sunnan- og vestanlands með snjókomu og síðan slyddu eða rigningu. Hlýnar. **4**

## SÉRBLAÐ

Fólk











**Á KÖLDUM KLAKA** Fjöldi fólks lagði leið sína niður á Reykjavíkurtjörn í gær. Aðstæður til skautahlaups voru framúrskarandi, um þriggja stiga frost og hægur vindur. Veðurspár gera ráð fyrir hlýnandi veðri í dag og á morgun. Um helgina frystir á ný og er útlit fyrir að það haldist fram á gamlársdag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Rúmanýting á LSH er hættulega mikil

Á Landspítalanum var rúmanýting margra bráðadeilda yfir 100% í nóvember. Æskilegt er talið að hún sé ekki hærri en 85% vegna gæða og öryggissjónarmiða. Megin ástæðan er bið sjúklinga eftir hjúkrunarheimili, en þeir eru 55 í dag.

**HEILBRIGÐISMÁL** Rúmanýting á Landspítalanum er mun meiri en æskilegt er. Nýtingin á öllum spítalanum var 95 prósent í nóvember en fór yfir 97% á öllum bráðadeildum spítalans á sama tíma. Viðmiðið á Landspítalanum og öllum sambærilegum sjúkrahúsum í heiminum er nýting um 85 prósent.

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, segir að óskastaðan sé að rúmanýting sé á bilinu 85 til 88 prósent, vegna þess hve sveiflur geti verið miklar á flæði bráðasjúklinga. „Mjög margar af bráðadeildunum eru yfir 100%, flestar ef ekki allar liggja yfir 97%. Við vitum auðvitað af því að við eigum að vera í 85% rúmanýtingu. Helsta ástæðan fyrir þessari stöðu er að í dag eru 55 sjúklingar inniliggjandi sem eru tilbúnir að fara á hjúkrunarheimili. Eðlilegt gæti talist að 15-18 einstaklingar væru í þessari stöðu, að bíða á spítalanum eftir hjúkrunarrými.“

Spurður um hvað þessi staða í nýtingu rúma þýði fyrir þá sem þurfi að sækja þjónustu til spítalans svarar Björn að það sé skýrt. „Gangainnlagnir, verri þjónusta og minna öryggi, meiri sýkingarhætta.“

Þessar áhyggjur eru ekki bundnar við Ísland. Í grein breska blaðsins The Guardian 3. desember koma sömu vangaveltur fram innan breska heilbrigðiskerfisins. Þar boða heilbrigðisyfirvöld að skjótra viðbragða sé þörf.

Á bráðadeildum er eðlileg rúmanýting talin vera um 85% svo að deildir hafi laus rúm fyrir innlagnir bráðasjúklinga. Þetta viðmið er um 60% á gjörgæsludeildum. Rúmanýting umfram viðmið getur verið vísbending um „umfram innlagnir“ sem bendir til ófullnægjandi þjónustu, en það var niðurstaða úttektar á mönnun hjúkrunar á Landspítala frá 2007.

Tölur nóvembermánaðar sýna að meðalfjöldi inniliggjandi sjúklinga er nú 640, 23 fleiri en á sama tíma í fyrra, en sökum þess niðurskurðar sem LSH hefur glímt við síðustu ár er meðalfjöldi opinna rúma á sama tíma lægri; 677 eða fjórtán færri en í fyrra.

Lausnina á þessum vanda segir Björn vera að gefa LSH tímabundinn forgang á þau pláss sem losni á hjúkrunarheimilum og á þeim hjúkrunarrýmum sem skapist með nýbyggingum. Nefnir hann sem dæmi heimili sem opnað verður í Mosfellsbæ á vormánuðum og stækkun heimilis í Garðabæ þar sem fjölgað verður úr 40 í 60 pláss. „Síðan þarf að halda áfram uppbyggingu slíkra heimila. Spá Hagstofunnar um mikla fjölgun aldraðra og háaldraðra, fólks yfir áttræðu, liggur þegar fyrir.“ - shá

### ➜ Nýting sjúkrarúma

| | |
|---|---|
| Á Landspítalanum hefur nýtingin verið | >97% ! |
| Æskilegt hlutfall nýtingar er | 85% |

Eftirmálar flótta Matthíasar:

## Girðing kostar milljónatugi

**FANGELSISMÁL** Ný öryggisgirðing utan um Litla-Hraun gæti kostað 150 milljónir króna, að sögn Páls Winkel fangelsismálastjóra. Hann segir lengi hafa verið vitað að umbóta væri þörf en fjármagn þurfi til að ljúka verkinu.

Myndavélar brugðust þegar Matthías Máni Erlingsson kleif girðingu á flótta og segir Páll að ekki sé hægt að kenna mannlegum mistökum fangavarða um.

Innanríkisráðherra segir ekki vera til peninga til að flýta framkvæmdum, en á næstu árum verði kaflaskil með nýju fangelsi á Hólmsheiði. - þj







## SPURNING DAGSINS



Benedikt, hefðuð þið viljað fá fréttirnar fyrr?

**„Simmi er alls ekki nógu snar í snúningum.“**

Benedikt Valsson er annar Hraðfréttamanna ásamt Fannari Sveinssyni. Fyrir jól fengu þeir að vita að þeir fengju að halda áfram með Hraðfréttir í Kastljósi fram á næsta sumar. Sigmar Guðmundsson er ritstjóri Kastljóss.

Bæjarstjórn veitir bæjarritara á Akranesi frest til að andmæla ákvörðun bæjarstjórnar:

# Jón Pálmi fær tvær vikur til andmæla

**STJÓRNSÝSLA** Jóni Pálma Pálssyni, bæjarritara á Akranesi, sem vikið var frá störfum í vikunni fyrir jól, hefur verið veittur andmælafrestur til 7. janúar á næsta ári. Jón Pálmi var leystur frá vinnuskyldu til 7. janúar.

„Þegar andmælin liggja fyrir meta menn það hvort málunum sé þannig háttað að viðeigandi sé, það er bara þannig,“ sagði Sveinn Kristinsson, forseti bæjarstjórnar Akraness, í gær.

Jón Pálmi hefur sinnt skyldum bæjarstjóra síðan í byrjun nóvember þegar Árni Múli Jónsson lét af störfum sem bæjarstjóri. Hann var leystur frá vinnuskyldum sínum þegar grunur vaknaði um að hann hefði ekki uppfyllt starfsskyldur sínar í embættinu.

„Þar sem um yfirmann er að ræða getur hann eðli málsins samkvæmt ekki verið á vinnustaðnum,“ segir Sveinn, „vegna þess að það er verið að kalla eftir gögnum sem eru á vinnustaðnum.“

Samkvæmt lögum á Jón Pálmi rétt á því að andmæla ákvörðun bæjarstjórnarinnar. Hann hefur fengið í hendur greinargerð sem unnin hefur verið til rannsóknar á málavöxtum. - bþh

> **Þar sem yfirmann er að ræða þá getur hann eðli málsins samkvæmt ekki verið á vinnustaðnum.**
>
> *Sveinn Kristinsson, forseti bæjarstjórnar Akraness.*



**AKRANES** Starfandi bæjarstjóri var leystur frá vinnuskyldu sinni í síðustu viku til 7. janúar 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**BRUNAR MILLI STAÐA** Stolt kínverskra stjórnvalda tekið í notkun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lengsta háhraðalestarleið heims tekin í notkun:

# Ferðin tekur átta tíma í stað 20

**KÍNA, AP Lengsta háhraðalestarleið heims var tekin í notkun í Kína í gær, og er ekið frá höfuðborginni Beijing til viðskiptastórborgarinnar Guangzhou, sem er skammt frá Hong Kong.**

**Vegalengdin milli borganna er nærri 2.300 kílómetrar, og tekur ferðin nú aðeins átta klukkustundir í stað 20 stunda áður, jafnvel þótt stoppað sé í stærri borgum á leiðinnni.**

**Kínverskir ráðamenn hafa gert mikið úr þessum viðburði, sem sýni hvers Kínverjar eru megnugir. Á ýmsu hefur þó gengið í aðdragandanum, meðal annars hrundi hluti lestarleiðarinnar í kjölfar mikilla rigninga í mars. Þá kostaði slys í annarri kínverskri háhraðalest fjörutíu manns lífið sumarið 2011.** - gb

# Sigmar B. Hauksson látinn



**Sigmar B. Hauksson, fjölmiðlamaður og fyrrverandi formaður Skotveiðifélags Íslands, er látinn. Hann lést á Landspítalanum aðfaranótt aðfangadags eftir stutt veikindi og baráttu við krabbamein. Hann var 62 ára.**

**Sigmar hóf störf hjá Ríkisútvarpinu árið 1970. Hann starfaði í útvarpi og sjónvarpi og varð þjóðþekktur fyrir dagskrárgerð sína. Sigmar var einnig formaður Skotveiðifélags Íslands til margra ára.**

**Sigmar lætur eftir sig tvo uppkomna syni og barnabörn.**

## EGYPTALAND

### Ferðamenn óttast

Sölumenn við píramídana miklu í Egyptalandi eru orðnir svo aðgangsharðir að ferðafólk er tekið að óttast þá. Undanfarin misseri hefur ferðafólki fækkað, og hópast sölumenn nú ógnandi að bílum þeirra sem koma.

## ÍSRAEL

### Fleiri byggingar leyfðar

Ísraelsstjórn hefur gefið leyfi fyrir þúsund nýjum byggingum landtökumanna á herteknum svæðum í Jerúsalem. Þar með hafa verið veitt leyfi fyrir nærri fimm þúsund nýjum íbúðum.

## SUÐUR-AFRÍKA

### Mandela af sjúkrahúsi

Nelson Mandela, 94 ára fyrrverandi forseti Suður-Afríku, fékk að fara heim af sjúkrahúsi í gær, eftir nærri þriggja vikna legu þar vegna lungnasýkingar.

# Ranabjöllur flugu út úr skápunum

Hrísranar gerðu fjölskyldu lífið leitt í haust, en þær bárust á heimili hennar með hamstrafóðri í sumar. Innflytjandi segir aldrei hægt að koma alveg í veg fyrir að skordýr berist til landsins með þessum hætti en það sé þó mjög sjaldgæft.

**NÁTTÚRA** „Við keyptum fyrsta pokann seint í sumar og það varð allt morandi þá. Allt í einu voru komnir svartir maurar út um allt,“ segir Sandra Clausen.

Hún keypti hamstrafóður fyrir hamstur fjölskyldunnar í sumar og geymdi það inni í skáp. Skömmu seinna höfðu hrísranar, litlar bjöllur, fjölgað sér gríðarlega um allt eldhúsið. Bjöllurnar éta hrísgrjón og ýmsa kornvöru og kvendýrin verpa í þessar vörur.

„Þetta var í tugatali, sérstaklega inni í þvottaherbergi þar sem er góður raki og hiti. Svo náðum við tökum á þessu í október, við höfðum reynt það sjálf en það var ekkert að ganga,“ segir Sandra, en hún fékk meindýraeyði til að eyða dýrunum. „Svo núna í desember byrjaði þetta að koma aftur upp, en í mun minna magni. En ég skaust þá út með matinn, það var frost og þeir drepast við frostmark.“ Þær bjöllur höfðu að öllum líkindum komið upp úr matardalli hamstursins.

Steindór Aðalsteinsson hjá Dýralandi, sem flutti inn umrætt fóður, segir því miður ómögulegt að koma algjörlega í veg fyrir að skordýr af þessu tagi berist hingað til lands í fóðri. „Þetta getur alltaf komið upp á en við lendum ekki oft í þessu. Þetta gerist vegna þess að fóðrið er ekki geislað, sem er merki um að fóðrið sé ferskt,“ segir Steindór.

„Þetta hefur fylgt fóðri sem flutt hefur verið inn til landsins frá því að innflutningur hófst. Þetta er ekkert hættulegt og bæði bjöllurnar og lirfurnar deyja í frosti á tveimur sólarhringum. Þetta kemur bara upp á sumrin vegna þess að bjöllurnar klekjast út við talsvert mikinn hita,“ segir Steindór. Þess vegna sé best að geyma fóður ekki á heitum eða rökum stað. „Það er best að geyma aldrei fóður nálægt matvælum, og geyma það í alveg lokuðum umbúðum.“

thorunn@frettabladid.is



**HAMSTUR** Í hamstrafóðri geta leynst skordýr eins og ranabjöllur.

## Verpa eggjum í hrísgrjón



Hrísranar eru útbreiddir um mestallan heiminn en eru taldir vera upprunir í ræktunarlöndum hrísgrjóna í Austur-Asíu, samkvæmt upplýsingum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Hrísrani lifir alfarið innanhúss og finnst þar allan ársins hring. Hann lifir fyrst og fremst á hrísgrjónum, maís og annarri harðri og grófri kornvöru. Kvendýrin naga holur og verpa eggjum sínum inni í hrísgrjónin og lirfurnar sem klekjast út halda áfram að éta grjónin innan frá þangað til þær hafa náð fullum vexti. Þá púpa þær sig þar. Undir 17 gráðu hita stöðvast allur þroski þeirra og við frostmark deyja þær. Hrísranar fundust fyrst á Íslandi í Reykjavík árið 1931 í ómöluðum maís, en þeir berast reglulega til landsins í kornvörupakkningum.





Byssuframleiðendur styðja við útgáfu ofbeldistölvuleikja og öfugt:

# EA vísaði á byssuframleiðendur

**NEYTENDUR** Bandaríski tölvuleikjarisinn Electronic Arts (EA) markaðssetti stríðsleikinn Medal of Honor Warfighter í október með því að vísa beint af vefsíðu leiksins á vefsíður byssuframleiðenda.

Tenglarnir hafa nú verið fjarlægðir og EA segir þá hafa verið setta upp fyrir mistök. Frá þessu greinir vefmiðill dagblaðsins New York Times.

Ofbeldistölvuleikir komust í umræðuna eftir skotárásirnar í Newtown í Connecticut þegar samtök byssueigenda í Bandaríkjunum kenndu tölvuleikjunum um árásina og sögðu þá hvetja fólk til að beita ofbeldi. Engar rannsóknir hafa sýnt fram á að tölvuleikir hvetji til ofbeldis.

Tengingin á milli vefja tölvuleiksins og byssuframleiðenda er sögð til marks um markaðsleg hagsmunatengsl þessara aðila.

Byssuframleiðendur eru helstu bakhjarlar samtaka byssueigenda í Bandaríkjunum og koma einnig að markaðssetningu tölvuleikja sem innihalda vörur frá þeim, eins og Medal of Honor. - bþh



**MEDAL OF HONOR** Í tölvuleiknum geta spilarar valið vopn úr miklum fjölda vopna sem til eru í raunveruleikanum.




Strætó óskar viðskiptavinum sínum gleði og friðar yfir hátíðarnar.
Við hlökkum til að verða samferða ykkur á nýju ári.

BÖRNIN KOMA MEÐ JÓLIN

Líkt og í fyrra báðum við leikskólabörn á höfuðborgarsvæðinu um að senda okkur myndir til að skreyta strætisvagnana fyrir þessi jól. Krakkarnir voru duglegir að teikna og lita og við fengum skrautlegar jólamyndir frá 40 leikskólum, alls 1.121 mynd. Hér höfum við raðað öllum myndunum saman þannig að þær mynda merkið okkar.

Skoðaðu sýninguna á öllum listaverkunum á vef okkar strætó.is

strætó.is

ÍSLENSKA SIA.IS STR 60160 12/12

**GENGIÐ**
21.12.2012

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,03 | 126,63 |
| Sterlingspund | 204,82 | 205,82 |
| Evra | 166,54 | 167,48 |
| Dönsk króna | 22,319 | 22,449 |
| Norsk króna | 22,626 | 22,76 |
| Sænsk króna | 19,333 | 19,447 |
| Japanskt jen | 1,4976 | 1,5064 |
| SDR | 194,41 | 195,57 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
228,8443

Sýrlenskur herforingi flúði land og gekk til liðs við uppreisnarmenn:

# Sakar herinn um fjöldamorð

**SÝRLAND, AP** Abdul-Aziz Jassem al Shallal, yfirmaður sýrlensku herlögreglunnar, hefur flúið land og gengið til liðs við uppreisnarmenn.

Hann segir ástæðuna þá að herinn sé farinn að eyðileggja borgir og fremja fjöldamorð á saklausu fólki.

„Herinn hefur farið út af sporinu,“ segir hann, „og er hættur að sinna því meginverkefni sínu að vernda fólk en er í staðinn orðinn að glæpagengi sem stundar morð og eyðileggingu.“

Tugir herforingja hafa nú hlaupist úr röðum stjórnarliða í Sýrlandi en al Shallal er hæst settur þeirra allra. Margir hinna hafa einnig sagt ástæðu liðshlaups síns vera grimmdarverk sem hermenn fremja gegn almenningi.

Stjórnarherinn á nú í vök að verjast í úthverfum höfuðborgarinnar Damaskus og víðar í landinu, þar sem uppreisnarmenn sækja hart fram. Átökin í landinu hafa kostað meira en 40 þúsund manns lífið og talið er að allt að 700 þúsund manns hafi flúið land. **- gb**



**ABDUL-AZIZ JASSEM AL SHALLAL** Segir Sýrlandsher orðinn að glæpagengi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ættleiðingarlög samþykkt:

# Engin börn til Bandaríkjanna

**RÚSSLAND, AP** Báðar deildir rússneska þingsins hafa nú samþykkt lög sem banna ættleiðingar rússneskra barna til Bandaríkjanna. Vladimír Pútín forseti hefur sagst ætla að staðfesta lögin.

Þetta er svar rússneska þingsins við nýjum bandarískum refsiaðgerðum gegn rússneskum embættismönnum sem orðið hafa uppvísir að mannréttindabrotum.

Mörgum Rússum er meinilla við ættleiðingar barna til Bandaríkjanna. **- gb**

## HEIMURINN




### Stjórnarskráin samþykkt

**1** **EGYPTALAND** Efri deild egypska þingsins kom saman í gær í fyrsta sinn eftir að ný stjórnarskrá var samþykkt með 66 prósentum atkvæða. Efri deildin, sem hefur verið valdalítil, fær nú fullt löggjafarvald þar til efnt hefur verið til kosninga til neðri deildar samkvæmt nýju stjórnarskránni. Stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt nýju stjórnarskrána og hyggst berjast áfram gegn henni.

### Glímt við efnahaginn

**2** **SPÁNN** Shinzo Abe, nýkjörinn forsætisráðherra Japans, segir að fyrsta verk sitt verði að vinna bug á efnahagskreppunni. „Takist ekki að endurheimta öflugt efnahagslíf er engin framtíð fyrir Japan,“ sagði Abe þegar hann tók við embætti í gær. Hann er sjöundi forsætisráðherra landsins á sex árum en gegndi embættinu áður á árunum 2006 til 2007.



### Vilja umbætur

**3** **KÍNA** Meira en 70 þekktir kínverskir fræðimenn og lögfræðingar hvetja kínverska Kommúnistaflokkinn til þess að gera hófsamar umbætur í lýðræðisátt, meðal annars með því að aðskilja Kommúnistaflokkinn frá stjórnsýslu landsins. Skorað er á ráðamenn að virða stjórnarskrá landsins, verja málfrelsi, hvetja einkafyrirtæki til dáða og leyfa dómsvaldinu að starfa sjálfstætt.

### Eldur í flugeldum

**4** **NÍGERÍA** Mikill eldur kviknaði eftir að sprenging varð í flugeldageymslu í Lagos, stærstu borg Nígeríu, í gær. Þykkur reykur steig upp af geymsluhúsinu og voru íbúðarhús í nágrenninu í hættu. Sprengingin var svo öflug að rúður titruðu í nokkurra kílómetra fjarlægð. Flugeldar og púðurkerlingar eru mikið notaðar í Nígeríu um jól og áramót. Tilraunir til að banna notkun þeirra í ár hafa ekki borið árangur.

# Hæstiréttur sakfelldi 171 níðing á 90 árum

Flestir barnaníðingar eru ungir karlmenn í samböndum og launaðri vinnu. Þolendur eru í langflestum tilvikum ungar stúlkur sem þekkja ofbeldismanninn. 171 karlmaður hefur verið dæmdur sekur fyrir barnaníð í Hæstarétti síðustu 90 ár.

**DÓMSMÁL** Alls hefur 171 karlmaður verið sakfelldur í Hæstarétti fyrir kynferðisbrot gegn barni á árunum 1920 til 2011. Dómarnir eru 162 og þar af eru stúlkur þolendur í 144 málanna, eða í tæplega 90 prósentum tilvika. Engin kona hefur verið sakfelld á Íslandi fyrir kynferðisbrot gegn barni, hvorki í héraði né Hæstarétti.

Þetta eru niðurstöður rannsóknar Svölu Ísfeld Ólafsdóttur, dósents við lagadeild Háskólans í Reykjavík, á öllum dómum Hæstaréttar frá stofnun réttarins árið 1920 til 2011 þar sem sakfellt hefur verið fyrir kynferðisbrot gegn barni.

„Markmið rannsóknarinnar er að draga upp mynd af gerendum þessara brota. Hverjir fremja brotin, hvort tengsl séu á milli geranda og þolanda, á hvaða aldri gerendur eru og hver bakgrunnur þeirra sé,“ útskýrir Svala.

Algengasta aldursbil gerenda og þolenda er 26 til 30 ár þegar mennirnir brutu af sér en meðalaldur við brot tæp 37 ár. Langflestir þolendur voru stúlkur á aldrinum 7 til 12 ára.

Samkvæmt rannsókn Svölu þekkjast gerandi og þolandi í um helmingi tilvika. Af þeim voru tæplega 25 prósent gerenda í nánustu fjölskyldu brotaþolans, oftast feður og stjúpfeður. Einungis fjögur prósent gerendanna, átta af 171, höfðu áður hlotið dóm fyrir kynferðisbrot, þar af brutu fjórir gegn barni. Í sextán málum var fjallað um kynhneigð gerendanna og hvort þeir teldust haldnir barnagirnd. Sú niðurstaðan í sex dómum af 162.

**sunna@frettabladid.is**



**HÆSTIRÉTTUR** Frá árinu 1920 til 2011 hefur 171 karlmaður verið dæmdur í Hæstarétti fyrir barnaníð. Í tæplega 90 prósentum tilvika hafa stúlkur verið þolendur.



## Algengt að kynferðisbrotamenn gefi drengjum gjafir

Meirihluti dæmdra kynferðisbrotamanna sem brjóta gegn drengjum reynir að kaupa þögn þeirra með gjöfum. Peningar eru algengustu múturnar, samkvæmt nýrri rannsókn á öllum dómum Hæstaréttar frá 1920 til 2012.

**DÓMSMÁL** Umbun af einhverju tagi frá ofbeldismönnum til þolenda virðist einkenna kynferðisbrot gegn drengjum. Algengast er að gerendur í slíkum málum reyni að múta drengjum með peningum, en einnig er sælgæti, sígarettur og áfengi algengt form umbunar frá ofbeldismönnum til þolenda sinna.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í yfirgripsmikilli rannsókn Svölu Ísfeld Ólafsdóttur, dósents við lagadeild Háskólans í Reykjavík, á öllum dómum Hæstaréttar frá stofnun hans árið 1920 til loka apríl síðastliðins er varða kynferðisbrot gegn drengjum.

Samkvæmt skoðun á dómunum virðast drengir vera líklegri en stúlkur til að vera misnotaðir kynferðislega af ókunnugum, en þolandi þekkti ekki ofbeldismanninn í meira en helmingi tilvika. Þolendur voru kunnugir gerandanum í 33 prósentum tilvika og í einu tilviki misnotaði maður ungan frænda sinn í tólf ár. Í fjörutíu prósentum dómanna var um endurtekið brot að ræða.

„Má telja það nokkuð athyglisvert í ljósi þess hve margir gerendur voru drengjunum ókunnugir og því kannski eðlilegt að gera ráð fyrir að svona nokkuð myndi ekki henda sama þolandann nema einu sinni. Það sem virðist skýra þetta er hversu mörgum drengjanna var umbunað,“ segir Svala í skýrslu sinni. „Þetta er aðferð sem gerendurnir notuðu til þess að komast í samband við drengina og til þess að halda misnotkuninni áfram. Þeir freista þeirra með gjöfum.“

Hún bendir á að í ljósi þess að gerendur eru oftast ókunnugir drengjunum njóti þeir þar með ekki trausts þeirra. Þetta sé því leið þeirra til að tryggja sér þagmælsku. **- sv /** **sjá síðu 8**

**➜ Reyndu að kaupa þögn 25**

Samtals hafa fallið 22 dómar þar sem ákært var fyrir kynferðisbrot gegn dreng frá árinu 1920 til 23. apríl 2012.

**25 þolendur af 44 fengu gjafir af einhverju tagi frá ofbeldismanninum.**

| | |
|---|---|
| Peningar | 19 |
| Sælgæti | 7 |
| Áfengi | 4 |
| Sígarettur | 2 |
| Ökutímar | 2 |
| Utanlandsferð | 2 |
| Bíóferð | 1 |

**16** karlar sakfelldir í Hæstarétti fyrir kynferðisbrot gegn drengjum.

**MUNUR Á EÐLI BROTA** Fréttablaðið greindi frá rannsókn Svölu fyrir skömmu. Þar kom fram að munur er á eðli brota eftir kyni brotaþola. Til að mynda eru ókunnugir gerendur í meirihluta þegar drengir eiga í hlut.

## Flestir ungir, í launaðri vinnu og sambúð

Samkvæmt niðurstöðum Svölu er hinn dæmigerði afbrotamaður sem brýtur kynferðislega gegn barni um 37 ára karlmaður, giftur eða í sambúð. Hann stundar launaða vinnu og hefur hreinan sakaferil. Hinn dæmigerði þolandi er stúlka sem ofbeldismaðurinn þekkir, á aldrinum 7 til 12 ára.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HLÝNAR** í bili með slyddu um tíma en gengur í norðan storm með snjókomu á Vestfjörðurm annað kvöld og vonskuveður verður norðvestanlands á laugardag. Á sunnudag dregur úr vindi og frystir um allt land.




**Á morgun**
Fremur hægur vindur víða en stormur á Vestfjörðum um kvöldið.




**Laugardagur**
Stormur NV til en mun hægari vindur austanlands.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Berlín | 7° | Friedrichshafen | 7° | Las Palmas | 21° | New York | 7° | París | 12° |
| Aþena | 16° | Billund | 3° | Gautaborg | 4° | London | 9° | Orlando | 16° | San Francisco | 11° |
| Basel | 8° | Frankfurt | 10° | Kaupmannahöfn | 4° | Mallorca | 16° | Ósló | -6° | Stokkhólmur | 1° |

**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


GAMLA GÓÐA
COCOA PUFFSIÐ
KOMIÐ AFTUR
Í ALLAR BÚÐIR!
Cocoa Puffs

## VEISTU SVARIÐ?



**1** Hvaða sveitarfélög ætla að lækka útsvar árið 2013?
**2** Hvaða íslenska kvikmynd var dýrasta myndin framleidd á árinu?
**3** Hvaða íslenska hlaupastúlka hafnaði í fjórða sæti í 800 metra hlaupi á HM 19 ára og yngri á þessu ári?

**SVÖR**

**1.** Seltjarnarneskaupstaður og Grindavíkurbær. **2.** Djúpið eftir Baltasar Kormák. **3.** Aníta Hinriksdóttir.

Ríkisendurskoðun gagnrýnir stjórnvöld vegna laga um einstaklingsmiðaða starfsendurhæfingu:

# Stjórnvöld þurfa að ganga frá samningum

**VELFERÐARMÁL** Ekki hefur enn verið gengið frá samningum milli velferðarráðuneytisins og VIRK starfsendurhæfingarsjóðs vegna nýlegra lagabreytinga um atvinnutengda starfsendurhæfingu. Ríkisendurskoðun gagnrýnir stjórnvöld í nýrri úttekt á einstaklingsmiðaðri starfsendurhæfingu í landinu.

Þar kemur meðal annars fram að stjórnvöld þurfi að marka heildstæða stefnu um málefni einstaklinga með skerta starfsgetu og efla samstarf sitt við aðila vinnumarkaðarins á þessu sviði, sér í lagi í ljósi lagabreytingarinnar, sem gerir það að verkum að Virk og aðrir sambærilegir starfsendurhæfingarsjóðir taki við umsýslu fjármagns frá ráðuneytinu til að ráðstafa til starfsendurhæfingarstöðva á landinu öllu.

Fréttablaðið greindi frá því í vikunni að forsvarsmenn starfsendurhæfingarstöðva væru áhyggjufullir vegna lagabreytinganna. Ríkisendurskoðun tekur einnig fram í skýrslu sinni að mikilvægt sé að auka stuðning við þá sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda, en tæplega 15.200 Íslendingar fengu greiddan örorkulífeyri í árslok 2011, sem gerir um það bil fimm prósent af heildaríbúafjölda landsins. Hlutfallið hefur farið hækkandi síðustu ár. Eins fengu um 1.100 einstaklingar greiddan endurhæfingarlífeyri árið 2011. Bótagreiðslur til hópanna námu um 31 milljarði króna, þar af voru bætur til endurhæfingarlífeyrisþega rúmlega 2,3 milljarðar. **- sv**



**BÓTAGREIÐSLUM HEFUR FJÖLGAÐ** Alls fengu um 1.100 einstaklingar greiddan endurhæfingarlífeyri á síðasta ári, sem samsvaraði um 2,3 milljörðum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**REYNT AÐ SLÖKKVA** Nágrannar hlupu til og reyndu að slökkva eldinn í bílunum. MYND/YNGVINN G

Íbúar reyndu að slökkva eld:

## Eldur laus í tveimur bílum

**BRUNI** Eldur kom upp í tveimur bílum í innkeyrslu í Gerðhömrum í Grafarvogi í hádeginu í gær. Bílarnir eru báðir gjörónýtir en ekki er vitað um eldsupptök.

Slökkvilið kom á staðinn og slökkti eldinn en á meðan slökkviliðsmenn voru á leiðinni gerðu íbúar götunnar atlögu að eldinum án mikils árangurs. Óttast var að eldurinn mundi læsa sig í nærliggjandi hús en svo fór ekki. Bílarnir sem brunnu voru gamall Willy's-jeppi og Opel-fólksbíll. **- bþh**

Lögreglan á jólanótt:

## Tók fjóra fyrir heimilisofbeldi

**LÖGREGLUMÁL Fjórir voru vistaðir í fangageymslu lögreglunnar á jólanótt fyrir heimilisofbeldi. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu var fjórum sinnum kölluð út vegna heimilisofbeldis og í öllum tilfellum voru einstaklingar handteknir til að tryggja frið.**

**Fréttastofa Stöðvar 2 hafði eftir Sigþrúði Guðmundsdóttur, framkvæmdastýru Kvennaathvarfsins, að þetta kæmi henni ekki á óvart. Desember væri alla jafna erfiður mánuður fyrir konur sem byggju við heimilisofbeldi.**

**Tíu gestir nýttu sér Kvennaathvarfið um jólin, fimm konur og fimm börn. Margir hafa haft samand við athvarfið í desember.** **- bþh**

Börn Rafsanjanis ósátt:

## Neita ásökun um spillingu

**ÍRAN, AP** Fjögur börn Akbars Rafsanjanis, fyrrverandi forseta Írans, hafa kært róttækan þingmann fyrir að kalla fjölskyldu hans spilltan kolkrabba.

Þingmaðurinn Hamid Rasai er bandamaður Mahmouds Ahmadinejad, sem sigraði Rafsanjani í síðustu forsetakosningum. Hálft ár er í næstu forsetakosningar og virðist allt stefna í að átök fylkinganna tveggja magnist á ný næstu mánuðina. **- gb**

# Ekki mannleg mistök að Matthías náði að strjúka

Fangelsismálastjóri segir flótta Matthíasar Mána Erlingssonar mega rekja til bilunar í tækjabúnaði og ófullnægjandi girðingar umhverfis Litla-Hraun. Úrbætur í öryggismálum eru hafnar en fjárskortur tefur fyrir.

**FANGELSISMÁL** Fangelsismálayfirvöld hafa lengi talað fyrir úrbótum í öryggismálum í kringum Litla-Hraun og þörfin átti að vera öllum ljós. Þetta segir Páll Winkel fangelsismálastjóri í samtali við Fréttablaðið og vísar í margar skýrslur þessi efnis. Ef farið hefði verið eftir þeim hefði atvik eins og flótti Matthíasar Mána Erlingssonar aldrei getað átt sér stað. Páll segir að ekki sé hægt að rekja flóttann til mannlegra mistaka.



**PÁLL WINKEL**

Matthías slapp frá Litla-Hrauni með því að klifra yfir girðinguna í kringum fangelsið. Hann var við vinnu innan girðingarinnar, ásamt þreumr öðrum föngum, undir yfirsjón eins fangavarðar þegar hann laumaðist í burtu. Páll segir að girðingin sé ekki nægjanlega góð en að þessu sinni hafi myndavélabúnaður við girðinguna heldur ekki virkað sem skyldi.

„Hann átti að sjást um leið og hann kom við girðinguna. Þetta átti þá að koma upp í eftirlitskerfinu og kalla á viðbrögð. Maður á ekki að geta hlaupið í gegnum girðingu í öryggisfangelsi. Þess vegna skrifa ég ekki upp á að þetta hafi verið mannleg mistök."

Páll segir átak í öryggismálum hafa hafist á Litla-Hrauni í ár með uppsetningu móttökuhúss þar sem allur búnaður og allir gestir fari í gegnum skanna áður en farið er inn í fangelsið. Fé til þess hafi fengist á fjárlögum, en næsta skref sé að skipta girðingunum út fyrir nýjar sem séu sérútbúnar þannig að ekki sé hægt að klifra yfir þær.

„Það er hins vegar meira en að segja það. Við fáum 50 milljónir til viðbótar á næsta ári, en metrinn af svona girðingu kostar um hundrað þúsund og girðingin utan um Litla-Hraun er um einn og hálfur kílómetri á lengd."

Páll segir því um hundrað milljónir vanta til að klára girðinguna. Verklok velti á fjárveitingum.

„Við munum gera þetta í áföngum eftir því sem fjármagn fæst."

Páll tekur fram að þó séu fangaflóttar sjaldgæfir hér á landi, síðasti alvarlegi flóttinn fyrir þennan sé flótti Donalds Feeney árið 1993. Þróunin sé umfram allt á réttri leið.

„Úrbæturnar hefðu þó mátt eiga sér stað tíu árum fyrr. Þá værum við ekki að horfa upp á svona atburð gerast," segir Páll.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir í samtali við Fréttablaðið að fjármunirnir sem um ræði séu einfaldlega ekki til að svo stöddu.

„Hins vegar er verið að gera á þessum málum bragarbót og svo verður gjörbylting í þessum málum þegar nýtt fangelsi á Hólmsheiði verður komið í gagnið árið 2015, en framkvæmdir munu vonandi hefjast nú með vorinu." **thorgils@frettabladid.is**




**100.000** krónur kostar metrinn af nýrri öryggisgirðingu um Litla-Hraun. Girðingin verður 1.500 metra löng.

## Gekk tugi kílómetra á flóttanum

Matthías Máni flúði frá Litla-Hrauni upp úr hádegi mánudaginn 17. desember. Að sögn fangelsismálastjóra var Matthías við vinnu innan girðingar ásamt þremur öðrum föngum í umsjá eins fangavarðar. Á milli 45 mínútur og klukkutími leið þar til uppgötvaðist að hann var á bak og burt.

Leit stóð yfir í tæpa viku áður en Matthías gaf sig fram á bænum Ásólfsstöðum í Þjórsárdal snemma á aðfangadagsmorgun. Ásólfsstaðir eru í tæplega 70 kílómetra akstursfjarlægð frá Litla-Hrauni, en talið er að Matthías hafi haft viðkomu í sumarhúsum í Árnesi á flóttanum. Pegar Matthías kom fram hafði hann meðferðis riffil, öxi og hnífa sem hann er talinn hafa rænt.

Matthías er 24 ára gamall. Hann var í haust dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps eftir að hafa ráðist á fyrrverandi eiginkonu föður síns aðfaranótt 1. apríl. Heimildir fjölmiðla herma að hann hafi haft í hótunum við konuna skömmu fyrir flóttann, en hún fór af landi brott með börnum sínum á meðan Matthías gekk enn laus.



**MATTHÍAS MÁNI ERLINGSSON**

Kveikti í húsi sínu, beið eftir slökkviliði vopnaður hríðskotariffli og skaut tvo til bana:

# Sjúkur maður sagðist vilja drepa sem flesta

**BANDARÍKIN, AP** „Ég er ekki viss um að við munum nokkurn tímann átta okkur á því hvað hann var að hugsa," segir Gerald Pickering, lögreglustjóri í bænum Webster í New York-ríki, um William Spengler, 62 ára mann sem kveikti í húsi sínu á aðfangadag.

Spengler beið eftir slökkviliðinu, vopnaður hríðskotariffli og drjúgum birgðum af skotfærum, og hóf skothríð sem varð tveimur slökkviliðsmönnum að bana. Tveir aðrir særðust og liggja á sjúkrahúsi. Sex önnur hús í nágrenninu brunnu vegna þess að slökkviliðið gat ekki athafnað sig.

Spengler skildi eftir þriggja blaðsíðna bréf, þar sem sagði meðal annars: „Ég á enn eftir að búa mig undir að sjá hve mikið af nágrenninu ég get brennt niður, og gera það sem mér líkar best, sem er að drepa fólk."

Í húsi Pickerings fannst brunnið lík af konu, sem talið er af systur hans.

Spengler myrti ömmu sína með hamri árið 1980 og sat þess vegna í fangelsi í sautján ár. Hann hefur haft hægt um sig síðan, en móðir hans lést í október.

Að sögn nágranna þótti honum afar vænt um móður sína en var ákaflega illa við systur sína. **- gb**



**ELDUR Á AÐFANGADAG** Alls brunnu sjö hús í nágrenninu vegna þess að slökkvilið gat ekki athafnað sig. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




# 25% AFSLÁTTUR AF ALLRI SNYRTIVÖRU, ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM

**27. - 31. DESEMBER**

HAGKAUP
Ein ferð betra verð






**PÓSTÞJÓNUSTA** Ísland mun ekki innleiða tilskipun um póstþjónustu um áramótin eins og gert var ráð fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Innleiða ekki póstþjónustutilskipun ESB:

# Stjórnvöld fara að fordæmi Norðmanna

**SAMGÖNGUR** Stjórnvöld munu ekki afnema einkarétt ríkisins á þjónustu vegna póstsendingu bréfa allt að 50 grömmum á þyngd, þrátt fyrir að ESB-tilskipun um opnun markaða feli í sér að slíkt verði gert fyrir áramót.

Í svari innanríkisráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar á Alþingi segir að vafi liggi á hvort tilskipunin heyri undir EES-samninginn og því hvort Íslandi sé skylt að innleiða hana.

Í greinargerð með tólf ára fjarskiptaáætlun sem gildir til 2022 segir þó um tilskipunina að hún sé merkt EES-tæk og komi til með að gilda á EES-svæðinu „að öllu óbreyttu“.

Noregur hefur þegar gert fyrirvara við tilskipunina og hyggst ekki innleiða hana og stefnir því í ágreining við ESB. Ísland hyggst fylgja Noregi að málum, og er vísað til strjálbýlis og erfiðleika við dreifingu og tilheyrandi kostnaðarauka fyrir dreifðari byggðir.

Í greinargerðinni með fjarskiptaáætlun segir að ráðstafanir séu til staðar í tilskipuninni til að tryggja hagsmuni neytenda eftir opnun markaða með afnámi einkaleyfis.

Í svari ráðherra segir að afnám einkaréttarins hafi í sjálfu sér ekki áhrif á gæðakröfur til póstþjónustu, enda kveði tilskipunin á um ákveðnar kröfur og alþjónustu sem ráðuneytis og stjórnvalda sé að móta.

- þj

## Seðlabanki Íslands gjaldeyrisútboð

Seðlabanki Íslands mun halda þrjú gjaldeyrisútboð 5. febrúar 2013. Útboðin þrjú eru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, samanber áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011 (http://sedlabanki.is/afnam) og skilmála Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisviðskipti samkvæmt fjárfestingarleið að losun gjaldeyrishafta frá 18. nóvember 2011 með síðari breytingum. (http://sedlabanki.is/fjarfesting)

**Útboð í fjárfestingarleið**
Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi. Fjármálafyrirtæki sem gert hafa samstarfssamning við Seðlabanka Íslands um milligöngu munu annast framlagningu umsókna um fyrirhugaða þátttöku fjárfesta í útboðinu samkvæmt fjárfestingarleiðinni. Það útboð er opið fjárfestum sem hafa fengið samþykkta umsókn um þátttöku í fjárfestingarleið. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út í dagslok 16. janúar n.k.

***Útboð í ríkisverðbréfaleið***
Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 33 0321. Tilteknir aðalmiðlarar á skuldabréfamarkaði hafa milligöngu um viðskipti í útboðinu gegn greiðslu í ríkisverðbréfum.

***Útboð um kaup á krónum gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri***
Seðlabanki Íslands kallar eftir tilboðum frá aðilum sem vilja selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Viðskiptabönkum er boðið að hafa milligöngu um viðskiptin um kaup á íslenskum krónum í skiptum fyrir erlendan gjaldeyri.

Seðlabankinn áskilur sér rétt til að takmarka heildar viðskiptamagn með hliðsjón af áhrifum útboðanna á lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja. Endanleg útboðsfjárhæð ræðst af þátttöku. Útboðsfyrirkomulag er með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast fjárfestum á sama verði (e. single price). Uppgjör viðskipta í útboðunum þremur verður 3 dögum eftir að útboði lýkur. Tilboðum skal skilað eigi síðar en 5. febrúar 2013. Nánari lýsingu á framkvæmd útboðanna þriggja er að finna í útboðsskilmálum..

Útboðsskilmála og yfirlit um milligönguaðila, aðalmiðlara og viðskiptabanka má finna á heimasíðu Seðlabankans http://sedlabanki.is/utbod.

Stefnt er að næstu útboðum 19. mars og 30. apríl 2013.

Nánari upplýsingar veita milligönguaðilar, aðalmiðlarar og viðskiptavakar.

Breytingar í bæjarstjórn:

# Takmörk sett á ræðutímann

**KÓPAVOGUR** Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt að takmarka ræðutíma fundarmanna í bæjarstjórn. Er þetta gert samkvæmt tillögu starfshóps með fulltrúum meirihluta og minnihluta.

Eins og komið hefur fram hefur bæjarfulltrúum sjálfum þótt skilvirkni og málefnalegar umræður gjalda fyrir persónulegt orðaskak á fundum bæjarstjórnarinnar. Þá var einnig samþykkt að skipa til reynslu sérstaka forsætisnefnd. Hún á meðal annars að undirbúa fundi bæjarstjórnar með gerð dagskrár og fylgja eftir siðareglum kjörinna fulltrúa og reglum um ábyrgð og samskipti stjórnenda. - gar

Fimmtán ára ökumaður:

# Velti bíl á Hafnarfjarðarvegi um miðja nótt

**LÖGREGLUMÁL** Fimmtán ára drengur velti bíl sem hann ók á Hafnarfjarðarvegi í gærnótt. Nokkrir farþegar voru í bílnum þegar óhappið varð. Engan sakaði.

Lögreglunni í Hafnarfirði var gert viðvart um slysið laust fyrir klukkan tvö um nóttina. Börnin voru sótt af foreldrum sínum til lögreglu.

Þá var bifreið ekið inn í húsagarð í Garðarbæ um klukkan fjögur sömu nótt. Ökumaðurinn var handtekinn og hann grunaður um akstur undir áhrifum áfengis.

- bþh


66°
NORÐUR
Við getum treyst á þau
nú treysta þau á okkur
66°NORÐUR er stoltur samstarfsaðili björgunarsveitanna sem hafa klæðst fatnaði okkar frá árinu 1928. Yfir 18 þúsund sjálfboðaliðar starfa undir merkjum Slysavarnafélags Landsbjargar um allt land. Dag hvern er 3.500 manna útkallshópur tilbúinn að bregðast við þegar neyðarkall berst. Því vill 66°NORÐUR minna á að nú þurfum við öll að svara kalli þeirra um stuðning.
Styðjum flugeldasölur björgunarsveitanna um áramótin.
magazine.66north.is
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# „Sá heimskulegi vani“

Eftir 266 ára útlegð hélt hin eina sanna Grýla til byggða á árinu 2012 til að klekkja á „flottræflum“ og „Epal-kommum“. Sif Sigmarsdóttir rekur spor hennar og kemst að því að færri en ætla mætti hanga í snekkjum í Reykjavíkurhöfn og væta kverkarnar úr kampavínsgosbrunnum milli þess sem þeir skeina sér á gulllaufum og plotta arðrán íslenskrar alþýðu.


TEIKNING/BRIAN PILKINGTON

Ónefndur ættingi minn keypti sér nýjan bíl á árinu. Vegna vensla við einn starfsmanna bílaumboðsins lánaði hann umboðinu bílinn í nokkra daga til að hafa til sýnis á bílasýningu þar sem honum var ætlað að freista annarra. Einn daginn lagði þessi ættingi leið sína á sýninguna. Þar sem hann stóð og virti fyrir sér kaggann sinn og gæddi sér á kaffi og kleinum í boði hússins heyrði hann á tal tveggja manna sem ræddu um bílinn og því fór fjarri að þeir deildu aðdáun hans á gripnum. Milli þess sem félagarnir gúffuðu í sig veigunum lýstu þeir algjöru frati á fararskjótann. Niðurstaða vangaveltna þeirra var sú að slíkur bíll væri ekkert annað en sýndarmennska og flottræfilsháttur.

Dómur kumpánanna um nýja bílinn lýsir í hnotskurn Íslandi árið 2012.

### „Í sveita míns andlits“

Árið 1746 gaf Kristján VI. Danakonungur út Tilskipun um húsagann á Íslandi þar sem fólki var meinaður „sá heimskulegi vani, sem hér og þar skal hafa verið brúkanlegur í landinu, að hræða börn“ með óvættum á borð við Grýlu. Nú, 266 árum síðar, er Grýla aftur orðin helsti hrellir íslenskrar þjóðar. Það leynist Grýla í hverju horni.

Sundrung hefur einkennt árið 2012. Stríðandi fylkingar eru margar. Kynslóðirnar stríða, kynin stríða, stéttirnar stríða. Og hver útmálar andstæðing sinn sem hina skelfilegustu Grýlu. Femínistar með horn og klaufir eru taldir ógna karlkyninu í heild sinni; útlendingar með hala reyna að kúga blásaklausan almúgann til að borga skuldir óreiðumanna; „sjálfhverfa kynslóðin“ – heimatilbúið hugtak smíðað af Sighvati Björgvinssyni síðla árs – mergsýgur gamlingja; Sighvatur og hinir gamlingjarnir arðræna unga fólkið; latte-lepjandi haugar í 101 sem aldrei vinna ærlegt handtak reyna að útrýma dugnaðarforkum í sveitum landsins. Og svo mætti lengi telja.

Ein er þó sú Grýla sem kalla má höfuð-Grýlu ársins 2012: Peningar. Vandfundin er sú skömm á árinu sem var meiri en að eiga pening.

Peningar hafa verið litnir hornauga síðan eftir hrun. Einkum þeir peningar sem verið hafa í fórum einstaklinga sem þóttu fljúga of nálægt sólinni á góðærisárunum. Árið 2012 varð hins vegar sú breyting á að andúðin á þeim breiddist út. Allir peningar urðu illa liðnir og þeir sem þá áttu tortryggilegir.

Í byrjun desember var fjárhag þingmanns Vinstri grænna, Álfheiðar Ingadóttur, og eiginmanns hennar slegið upp í DV sem frétt. Hvert var tilefnið: Höfðu þau brotið eitthvað af sér? Stolið? Fengið afskriftir af lánum? Svikið undan skatti? Nei. Þau áttu bara pening. DV reiknaðist til að Álfheiður og maður hennar ættu eignir upp á 217,7 milljónir. DV útskýrði fyrir lesendum sínum að slíkt kallaðist að vera „Epal-kommi“ og sem slíkir vildu þau „bæði njóta þess góða úr kapítalisma og sósíalisma“.

Að eiga eignir en ekki bara skuldir virðist nú nægja til að gera einstakling tortryggilegan. Draga úr trúverðugleika hans. Mörgum er því mikið í mun að sýna fram á bága fjárhagsstöðu.

Um svipað leyti og Álfheiði Ingadóttur var úthúðað fyrir að eiga pening komst það í fréttirnar að Páll Magnússon, útvarpsstjóri, og eiginkona hans hefðu selt 400 fermetra hús sitt í Garðabæ. Enn á ný fór DV á stúfana og komst að því að kaupandinn var Örvar Kærnested, stjórnarmaður í Straumi fjárfestingarbanka. Samkvæmt heimildum blaðsins átti kaupandinn að hafa greitt fyrir hluta hússins í svokölluðum aflandskrónum. Fullyrðingin var borin undir útvarpsstjóra. „Ég gæti ekki þótt ég vildi gefið upprunavottorð fyrir peningum annarra manna,“ svaraði Páll Magnússon. „Ég get þó fullvissað að mín húsnæðiskaup eru fjármögnuð í sveita míns andlits og með alíslenskum okurlánum – verðtryggðum og stökkbreyttum – eins og raunin er hjá flestum venjulegum Íslendingum.“

Útvarpsstjóri reynir af kappi að tala upp bága skuldastöðu sína og óhagkvæmni lána sinna. Og það skiljanlega. Á Íslandi í dag er velgengni illa séð. Eymd er orðin eins og keppnisíþrótt. Armæða er borin eins og afreksorða í samanföllnum barminum. Orð og athafnir eru ekki lengur mælikvarði á gæði einstaklingsins heldur skuldastaðan. Sá getur sér góðan orðstír sem á sem minnst og er í sem mestum mínus.

### Slapp með stórfé

Við Íslendingar brenndum okkur á peningum árið 2008 og því er eðlilegt að menn séu varir um sig þegar kemur að mislitum pappírssneplunum. Brennt barn forðast eldinn og allt það. Andúð á peningum ein og sér er svo sem ekkert tiltökumál. Verra er hins vegar að af henni leiðir heift í garð einnar uppsprettu peninga sem haft getur afleiðingar fyrir hagsæld samfélagsins til framtíðar.

„Kári slapp með stórfé“ var forsíðufyrirsögn DV fyrr í mánuðinum. Vísað er í sölu á fyrirtækinu Íslenskri erfðagreiningu til bandaríska líftækni- og lyfjaframleiðslufyrirtækisins Amgen fyrir fimmtíu og tvo milljarða íslenskra króna. Erfitt er þó að henda reiður á í hvað æsileg fyrirsögnin vísar. Kári Stefánsson, stofnandi fyrirtækisins, átti vissulega hlut í því og fær því vonandi sannvirði fyrir hann við söluna. En að segja hann hafa „sloppið með stórfé“ gefur til kynna að hann hafi tekið eitthvað sem honum ekki ber, haft fé af óafvitandi sakleysingjum með óprúttnum hætti.

Forsíðufyrirsögnin lýsir vel algengu viðhorfi til þeirra sem stofna og reka fyrirtæki. Það er eins og sumir álíti þá alla sjálfkrafa glæpamenn.

### Amma og glæpastarfsemin

Játning: Ég á lítinn hlut í fyrirtæki og sit í stjórn þess. Mér til varnar – svo ég tali nú eins og útvarpsstjóri – hefur fyrirtækið aldrei skilað hagnaði, bara góðu og gildu tapi ársfjórðung eftir ársfjórðung í „sveita“ margra andlita.

Í gegnum stjórnarsetuna hef ég kynnst stofnendum, stjórnendum og starfsmönnum fjölda íslenskra nýsköpunarfyrirtækja. Ég get staðfest að fæstir þeirra sem reka fyrirtæki sitja á rassinum liðlangan daginn inni í fimmhundruð feta snekkjum í Reykjavíkurhöfn þar sem þeir væta kverkarnar úr kampavíns-gosbrunni milli þess sem þeir skeina sér á gulllaufum og plotta arðrán íslenskrar alþýðu eins og margir virðast halda eftir ofgnótt góðærisins. Raunveruleikinn er mun minna „glamúros“ og samanstendur af andvökunóttum, árstíða-löngum panikk-köstum og of fáum sturtuferðum.

Atvinnufyrirtæki eru hverju samfélagi mikilvæg. Þau skapa störf og þau greiða skatta og gjöld sem renna til samfélagsins. Í meira en fimmtán ár hefur Íslensk erfðagreining verið uppspretta vel launaðra hátæknistarfa fyrir Íslendinga. En þar með er gagnsemi Íslenskrar erfðagreiningar ekki talin.

Hugbúnaðarfyrirtækið OZ var selt farsímafyrirtækinu Nokia árið 2008 eftir að hafa náð miklum hæðum og alræmdum lægðum sitt hvorum megin við síðustu aldamót. Mörgum gremst að við það hafi nokkrir stofnendur fyrirtækisins, Skúli Mogensen þar með talinn, náð undir sig fótunum á ný eftir að hafa tapað öllu sínu þegar internetbólan kringum 2000 sprakk. Því fer hins vegar fjarri að Íslendingar njóti ekki góðs af ævintýrum Skúla. Og þá er ekki vísað í ódýra flugmiða sem hægt er að fá með hrakfaralega-nefndu flugfélagi hans, „VÁ“-air.

Í skýrslu til Viðskiptaþings árið 2011 má finna áhugaverða samantekt á íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum sem segja má að hafi risið upp úr rústum OZ. Í grein í skýrslunni eftir Margréti Dóru Ragnarsdóttur og Stefán Baldur Árnason sem bæði störfuðu hjá OZ segir: „OZ er gott dæmi um mikilvægi nýsköpunar þar sem sú þekking og reynsla sem verður til, leitast við að viðhalda sjálfri sér, og endurnýjar sig við breyttar aðstæður.“ Fyrirtækin sem kalla mætti afleitt hagkerfi OZ og voru stofnuð af fyrrverandi starfsmönnum og stjórnendum hugbúnaðarfyrirtækisins sem öðluðust dýrmæta reynslu á starfstíð þess, eru ótalmörg. Má þar nefna tölvuleikjaframleiðandann CCP, flugmiða-leitarvélina DoHop og hugbúnaðarfyrirtækið Mobilitus sem öll gera góða hluti um þessar mundir og hafa fjölda fólks í vinnu.

Líkt og innan OZ hefur orðið til innan Íslenskrar erfðagreiningar mikil þekking sem á án efa eftir að leiða af sér önnur fyrirtæki og nýjar uppgötvanir. Og hver veit nema Kári Stefánsson muni nota eitthvað af því fé sem hann fékk fyrir hlut sinn í Íslenskri erfðagreiningu til að fjárfesta í nýjum, íslenskum sprotafyrirtækjum eins og Skúli Mogensen hefur gert við hagnað sinn.

Samfélag sem „glæpamannsgerir“ velgengni og lítur framkvæmdasemi hornauga mun seint verða farsælt. Sé athafnafólk ófrægt að ósekju munu fáir sækjast eftir því að tilheyra þeim hópi. Hver vill sinna þeim starfa er amma manns telur að sé glæpastarfsemi? Hvorki það að reka fyrirtæki né að eiga pening ætti eitt og sér að verða til þess að fólk tapi orðstírnum svo framarlega sem farið er að leikreglum. Þvert á móti ætti að hvetja til framtakssemi. Sókn eftir velgengni ætti ekki að vera eitthvað sem fólk þarf að skammast sín fyrir.

### Talíbanar og hryðjuverkamenn

Eins og síðustu ár setti árið 2008 mark sitt á árið 2012. Sundrung hrunsins skilgreinir enn þjóðarsálina. Það er að vissu leyti skiljanlegt þar sem enn er það ekki að öllu leyti upp gert. Og ekki skal gera lítið úr því að enn eiga margir um sárt að binda vegna fjárhagsörðugleika af orsökum þess. Það má hins vegar velta yfir því vöngum hvenær sé tímabært að leita sátta og taka að horfa fram á við. Árið 2013? 2014? Eftir önnur sex ár?

Gjáin milli stríðandi fylkinga dýpkar meðan ekkert er að gert og Grýlur eru notaðar til að hrella landsmenn. Þjóð sem gekk mót þrautum sínum djörf of sterk í þúsund ár eins og segir í ljóði Davíðs Stefánssonar gengur nú gneyp og hokin.

En þrátt fyrir bókstaflegt myrkrið sem grúfir yfir okkur sem búum við nyrstu voga er ekki endilega ástæða til þeirrar svartsýni sem Grýlugerðarmenn vilja vera láta.

Atvinnuleysi hefur minnkað undanfarið og var það ekki nema 4,4% í nóvember samkvæmt Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands. Kaupmáttur hefur aukist. Samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem margir óttuðust að myndi vera í uppnámi er Steingrímur J. Sigfússon settist í stól fjármálaráðherra árið 2009 hefur gengið svo farsællega að í maí var Steingrímur beðinn um að taka tímabundið við sem fjármálastjóri Grikklands. Á sama tíma horfa Bretar fram á að hagvöxtur dragist saman á ný þar í landi, yfirvöld á Spáni íhuga að bjóða þeim landvistarleyfi sem kaupa þar fasteign til að draga úr hruni fasteignamarkaðarins og Grikkland er í lamasessi. Á árinu hefur ríkisstjórn Íslands samt bæði verið sögð talíbanar og hryðjuverkamenn.

### Ef Álfheiður Ingadóttir væri blönk

Heimatilbúnar Grýlur eru aftur árið 2012 orðnar „heimskulegur vani“ hjá þjóðinni, niðurrifsafl sem leiðir ekki annað af sér en innantóma öfund, biturð og heift. Hvers konar samfélag er það sem krefst þess að maður sem endurnýjar bílinn sinn eigi að skammast sín fyrir að vera „flottræfill“; hvers konar samfélag krefst þess að Kári Stefánsson og Skúli Mogensen fari með veggjum því að þeir seldu fyrirtæki og að Álfheiður Ingadóttir þurfi að verja það að hún sé ekki skuldum vafin eins og sönnum Íslendingi ber?

Mergurinn málsins er einfaldur: Værum við hin eitthvað betur sett ef Álfheiður Ingadóttir væri blönk?

**INNLENDIR VENDIPUNKTAR** 2012



**Sif Sigmarsdóttir** er rithöfundur og pistlahöfundur í Fréttablaðinu.

Fréttablaðið gerir upp árið með greinum um innlenda vendipunkta eftir valda höfunda. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir og atburði sem áttu sér stað á árinu og gætu haft áhrif til frambúðar á Íslandi.

Veljum íslenskt
– okkar hagur!
Samtök iðnaðarins - www.si.is

# Þrettán bræður sem þekkja íslenskar aðstæður

Íslensku jólasveinarnir hafa fylgt okkur í gegnum nístandi frost og skafrenning í margar aldir. Sá útlenski er góður kall og allur af vilja gerður en hann er bara ekki búinn fyrir íslenskar aðstæður.

**Málning hefur í 59 ár framleitt og þróað málningu og viðarvörn sem þolir íslenskt veðurfar.**




**Við óskum Íslendingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.**

málning
- það segir sig sjálft -

## GÓÐ HÚSRÁÐ Vínið látið freyða áfram



Vilji svo ólíklega til að einhver opni flösku af kampavíni, eða öðru freyðivíni, um áramót eða af öðru tilefni, og nái svo ekki klára úr flöskunni þarf sá hinn sami að hugsa sig aðeins um áður en hann hellir úr henni í vaskinn. Til er einföld leið til að halda víninu áfram freyðandi í flöskunni og það allt að sólarhring lengur, eða svo. Ráðið er að stinga skaftinu á málmskeið ofan í hálsinn á flöskunni og geyma hana þannig. Skeiðin hefur víst þau áhrif að loftið í þröngum hálsi flöskunnar kólnar. Við það myndast „tappi“ af köldu lofti sem dregur úr hraðanum á uppgufun gossins úr víninu.

## MATVÆLI Viðbættur sykur bannaður í ávaxtasafa



Frá og með næsta hausti verður ávaxtasafi að vera án viðbætts sykur samkvæmt reglum Evrópusambandsins, ESB. Á vef norska ríkisútvarpsins segir að þá verði jafnframt bannað að auglýsa á umbúðunum að ávaxtasafinn sé án viðbætts sykurs þótt það sé rétt, þar sem annars geti neytendur staðið í þeirri trú að ávaxtasafi sem ekki er merktur þannig innihaldi sykur. Aðlögunartíminn vegna merkinganna er sagður vera til haustsins 2016.



**MÖRGU SKIPT EFTIR JÓLIN** Sumar verslanir hafa þá reglu að ekki sé hægt að skipta eða skila vörum á janúarútsölum en eftir sex vikur telst útsöluverð þó vera orðið almennt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gjaldþrot geta gert gjafabréfin verðlaus

Neytendasamtökin beina þeim tilmælum til landsmanna að draga ekki um of að nýta gjafabréf eftir jólin. Breytingar á skipan fyrirtækja gætu gert þau verðlaus. Norðmenn tapa um 2,5 milljörðum norskra króna árlega vegna vannýttra bréfa.

Að mörgu þarf að huga þegar skipta skal þeim gjöfum sem ekki féllu í kramið hjá landsmönnum þessi jólin. Sumar verslanir setja til að mynda þær reglur að ekki er hægt að skipta vörum fyrr en janúarútsölum sé lokið. Þá kannast flestir við litla skiptimiða sem sjást á flestum bókapökkum og dýrari gjöfum úr ÁTVR, en slíkir miðar gefa viðkomandi rétt á að skipta eða skila vörunni. Þá ber einnig að huga sérstaklega að gildistíma gjafabréfa.

Neytendasamtökin eru iðulega ötul í fræðslu til landsmanna í kringum hátíðarnar, þá sér í lagi hvað varðar fyrrnefndar útsölur, skil og skipti, takmarkanir á inneignarnótum og reglur er varða gjafabréf.

Samtökin beina þeim tilmælum til eigenda gjafabréfa sem hafa læðst í jólapakkann að draga það ekki of lengi að leysa þau út. Eigendaskipti eða gjaldþrot fyrirtækis geti gert gjöfina verðlausa.

„Mundu að seljandinn er búinn að fá greitt fyrir gjafabréfið og ef hann neitar þér um þjónustu jafngildir það því að hann taki gjöfina þína og stingi henni í vasann sinn. Gerðu kröfu um að fá að nýta gjafabréfið og ef þú færð neitun leitaðu þá til Neytendasamtakanna,“ segir á síðu samtakanna.

Þar er einnig vitnað í bandaríska rannsókn sem neytendablaðið Consumer Reports birti í fyrra, þar sem fram kom að fjórða hvert gjafabréf í Bandaríkjunum er aldrei leyst út. Þá virðist einnig sem norskir neytendur tapi um 2,5 milljörðum norskra króna á hverju ári vegna ónýttra gjafabréfa.

sunna@frettabladid.is

### Venjulegt verð eftir sex vikna útsölu

Samkvæmt neytendalögum telst útsöluverð vera orðið almennt verð eftir sex vikna útsölu. Þá þarf að lækka verðið aftur ef varan á enn að vera á útsölu samkvæmt reglum Neytendastofu, sem fer með eftirlit á útsölum. Neytendastofa skoðar meðal annars hvort auglýst upphaflegt verð sé í raun það verð sem varan var fyrst seld á. Seljendur hafa ekki alltaf getað sýnt fram á slíkt með gögnum.

> **Mundu að seljandinn er búinn að fá greitt fyrir gjafabréfið og ef hann neitar þér um þjónustu jafngildir það því að hann taki gjöfina þína og stingi henni í vasann sinn.**
> *Neytendasamtökin*

## MATVÆLI Neytendur þurfa skiljanlegar merkingar



Neytendasamtökin leggjast gegn auknum álögum á neysluvörur og er „sykurskatturinn“ engin undantekning, að því er segir í frétt á vef samtakanna. Tekið er fram að ekki sé gert lítið úr mikilvægi þess að þjóðin dragi úr sykurneyslu og bæti mataræðið. Ef berjast eigi gegn vaxandi offitu og öðrum sjúkdómum sem rekja má til rangs mataræðis sé þó miklu nær að yfirvöld tryggi að merkingar á matvælum séu skiljanlegar. Það ætti að vera fyrsta skrefið. Í fréttinni segir að neytendur eigi að geta séð svart á hvítu hvort vara inniheldur mikið af sykri, salti eða fitu. Þessar upplýsingar séu oft af skornum skammti. Skora Neytendasamtökin á stjórnvöld að fara að dæmi bresku matvælastofnunarinnar sem kom á fót svokölluðum umferðarljósamerkingum á matvæli en það eru skiljanlegar upplýsingar á umbúðum.

## VIÐSKIPTI Ung börn fá að nota bankakort

Þúsundir barna í Noregi undir 10 ára aldri hafa eigið bankakort. Nú íhuga forsvarsmenn nokkurra banka í Svíþjóð að feta í fótspor Norðmanna og lækka aldurstakmarkið, sem nú er 13 ára. Norski bankinn Sparebank 1 heimilaði í fyrra sjö ára börnum að fá eigið bankakort. Var það í kjölfar óska margra foreldra. Mörg þúsund ung börn í Noregi hafa nú fengið eigið bankakort til notkunar, að því er segir í frétt á vef sænska ríkisútvarpsins.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir. vísir

Allar starfsstöðvar ríkisskattstjóra verða opnar um jól og áramót sem hér segir:

Aðfangadagur 24. des. - LOKAÐ
Fimmtudagur 27. des. - 9³⁰ - 15³⁰
Föstudagur 28. des. - 9³⁰ - 15³⁰
Gamlársdagur 31. des. - LOKAÐ

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Dynjandi Vínarvals, ungir einleikarar og þekktir snillingar




### VÍNARTÓNLEIKAR 2013

Fim. **10. JAN.** » 19:30
Fös. **11. JAN.** » 19:30
Lau. **12. JAN.** » 16:00

Glæsileiki og gleði einkenna Vínartónleika Sinfóníunnar sem mörgum þykir ómissandi upphaf á nýju ári. Taktföst tónlist hljómar nú undir stjórn eins fremsta flytjanda heims á tónlist Strauss feðga. Tryggðu þér miða og taktu vel á móti nýárinu.

**Peter Guth** stjórnandi
**Hulda Björk Garðarsdóttir** og **Snorri Wium** einsöngvarar

### UNGIR EINLEIKARAR

Þri. **15. JAN.** » 19:30

Á þessum einstöku tónleikum koma fram sigurvegarar í árlegri keppni ungra einleikara sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur að í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Komdu og upplifðu kraftinn sem býr í ungu og efnilegu tónlistarfólki.

**Bernharður Wilkinson** stjórnandi
**Einar Bjartur Egilsson, Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir, Sólveig Steinþórsdóttir** og **Unnsteinn Árnason** einleikarar

### HAYDN, MOZART OG GRIEG

Fös. **18. JAN.** » 19:30

Ein eftirsóttasta söngkona sinnar kynslóðar, Sally Matthews, flytur tilþrifamiklar aríur úr vel völdum verkum Haydn, Mozart og norska tónskáldsins Grieg, undir stjórn aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníunnar í Þrándheimi. Ekki láta stórkostlega kvöldstund fram hjá þér fara.

**Eivind Aadland** stjórnandi
**Sally Matthews** einsöngvari

Miðasala » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala í anddyri Hörpu » Sími: 528 5050 » Opið 10-18 virka daga og 12-18 um helgar

# Epla útsala

Aðeins 10 stk



## MacBook Pro 13" Retina

Útsöluverð: **299.990.-** Verð áður: **349.990.-**

---

## iPhone 5



Ný sending

**Verð frá: 149.990.-**

## iMac



Tryggðu þér eintak fyrir áramót

**Verð frá: 269.990.-**

## iPad 3

Takmarkað magn



| | |
|---|---|
| 16GB Wi-Fi<br>**Verð: 69.990.-** 50stk | 16GB Wi-Fi + 3G<br>**Verð: 94.990.-** 4stk |
| 32GB Wi-Fi<br>**Verð: 89.990.-** 35stk | 32GB Wi-Fi + 3G<br>**Verð: 109.990.-** 35stk |
| 64GB Wi-Fi<br>**Verð: 104.990.-** 53stk | 64GB Wi-Fi + 3G<br>**Verð: 124.990.-** 53stk |

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

# 15-50% afsláttur af völdum vörum

Útsalan er í verslun okkar á Laugavegi 182
Opnum kl. 12.00

## Sölutorgs rýmingarsala

Nýjar og notaðar vörur á frábæru verði



### MacBook Air

MacBook Air 11” (3 stk)
**Verð frá: 164.990.-**

MacBook Air 13” (4 stk)
**Verð frá: 179.990.-**



### MacBook Pro

MacBook Pro 13” (4 stk)
**Verð frá: 194.990.-**

### iPhone 4 og iPhone 4S nýir án umbúða.






iPhone 4 8GB
**Verð: 74.990.-** 2stk

iPhone 4S 16GB
**Verð: 94.990.-** 2stk

iPhone 4 16GB
**Verð: 79.990.-** 15stk

iPhone 4 32GB
**Verð: 104.990.-** 2stk

iPhone 4 32GB
**Verð: 84.990.-** 11stk

### iPad mini



iPad mini 16GB Wi-Fi
**Verð: 54.990.-** 1stk



**Libratone** - hátalari
Útsöluverð: **99.990.-**
Listaverð: 119.990.-



**Zeppelin mini** - hátalari
Útsöluverð: **64.990.-**
Listaverð: 99.990.-



**B&W Tölvuhátalarar**
Útsöluverð: **99.990.-**
Listaverð: 136.990.-



**Zeppelin Air** - hátalari
Útsöluverð: **129.990.-**
Listaverð: 179.990.-



**On Beat Air JBL** - hátalari
Útsöluverð: **37.990.-**
Listaverð: 49.990.-

**epli.is**

Laugavegi 182
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16 | Sími 512 1300




**ÁTÖK Í AÞENU** Grikkir hafa alveg frá því snemma árs 2010 efnt reglulega til verkfalla og mótmæla gegn niðurskurðaraðgerðum stjórnvalda, sem staðið hafa í ströngu við að draga úr skuldabagga ríkissjóðs. Iðulega hafa mótmælin snúist upp í átök við lögreglu. Þessi mótmælandi lét ekki sitt eftir liggja á Syntagma-torginu í Aþenu hinn 18. október.

# Erlendar fréttir ársins í myndum

Snjallir ljósmyndarar eru sjaldan langt undan þegar fréttaviðburðir eiga sér stað og ná oft að fanga augnablikið betur en orð fréttaskrifara fá lýst. Hér á síðunni er að finna brotabrot af öllum þeim mögnuðu fréttaljósmyndum sem birtust í fjölmiðlum á árinu 2012.



**DÆMDAR Í FANGELSI** Tvær konur úr rússnesku pönksveitinni Pussy Riot voru í haust dæmdar til tveggja ára fangelsis, en sú þriðja fékk skilorðsbundinn dóm, fyrir umdeildan gjörning gegn Pútín forseta í helstu kirkju rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar í Moskvu. Dómurinn vakti hörð viðbrögð víða um heim.



**PÚTÍN AFTUR FORSETI** Vladimír Pútín tók við forsetaembættinu í Rússlandi hinn 7. maí. Hann gegndi embættinu í ríflega tvö kjörtímabil á árunum 2000 til 2008, en gat þá ekki boðið sig fram til þriðja kjörtímabils vegna ákvæða í stjórnarskrá. Þess í stað var hann forsætisráðherra á meðan Dmitrí Medvedev gegndi forsetaembætti í eitt kjörtímabil.



**AMMA ÁNÆGÐ** Sarah Obama, stjúpamma Baracks Obama Bandaríkjaforseta, var heldur betur ánægð með úrslit kosninganna í byrjun nóvember þegar hann var endurkosinn til næstu fjögurra ára.



**MUBARAK FYRIR RÉTTI** Hosni Mubarak, fyrrverandi leiðtogi Egyptalands, var dæmdur í ævilangt fangelsi í byrjun júní, nærri hálfu öðru ári eftir að honum var steypt af stóli.

# RÝMINGARSALA

## Á ÖLLUM FERÐAVÖGNUM

MILLI JÓLA OG NÝÁRS




ÆGIR ESTEREL, 1 stk
ÚTSALA




PALOMINO, 3 stk
ÚTSALA



ÆGIR TJALDVAGN, 3 stk
ÚTSALA

Ferðaklósett



Fortjald



Sóltjald



Stólar og borð



20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM AUKAHLUTUM

# NÝ OG NOTUÐ

## HJÓLHÝSI, FELLIHÝSI, TJALDVAGNAR Á STÓRLÆKKUÐU VERÐI




WILK, 2 stk
ÚTSALA



T@B L400 TD, 1 stk
ÚTSALA

**SEGLAGERÐIN ÆGIR**
*Þar sem ferðalagið byrjar*

TIL ÞJÓNUSTU Í 99 ÁR

**Opið**
Fimmtudagur / föstudagur 10:00-18:00
Laugardagur 12:00-16:00

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík
S: 511 2200 www.seglagerdin.is



**SPRENGJUR Á GASA** Árásir Ísraela á Gasa dagana 14. til 21. nóvember kostuðu allt að 170 Palestínumenn lífið. Rúmri viku eftir að samið var um vopnahlé samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna að veita Palestínuríki áheyrnaraðild.



**SKEMMTIFERÐASKIP STRANDAÐ** Ítalska skemmtiferðaskipið Costa Concordia strandaði rétt hjá höfninni á ítölsku eyjunni Isola del Giglio hinn 17. janúar. Um borð voru meira en fjögur þúsund manns, og fórust 32 þeirra.



**BARIST Í SÝRLANDI** Átökin í Sýrlandi hafa orðið blóðugri og mannskæðari með hverjum mánuðinum. Liðsmenn sýrlenska uppreisnarhersins skýla sér þarna fyrir árásum í borginni Aleppo og reyna að hjálpa særðum félaga sínum. Alls hafa átökin kostað meira en 40 þúsund manns lífið og hundruð þúsunda hafa flúið land.



**SUU KYI Á ÞINGI** Aung San Suu Kyi, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Búrma, var kosin á þing á þessu ári eftir að hafa setið í stofufangelsi meira og minna í tvo áratugi. Hún fékk einnig leyfi til að fara til Noregs að taka við friðarverðlaunum Nóbels, sem henni voru úthlutuð árið 1991. Herforingjastjórnin í Búrma hefur gert ýmsar umbætur í lýðræðisátt og uppskorið fyrir vikið velvild frá Bandaríkjunum og fleiri löndum heims.



**BREIVIK FYRIR RÉTTI** Norski hryðjuverkamaðurinn Anders Behring Breivik brast í grát við réttarhöldin í Ósló, ekki vegna fjöldamorðanna sem hann framdi heldur þótti honum eigið áróðursmyndband svo áhrifaríkt þegar það var sýnt í dómsalnum.


Eingöngu tertur!
Kaupið tímanlega því undanfarin ár höfum við þurft að loka daginn fyrir gamlársdag! Allt seldist upp...
Víkurhvarfi 6
Kópavogi!
BOMBA.IS
STÆRSTU
flugeldatertur landsins!
Ummæli viðskiptavina
Stephen Hawking:
Terturnar hans Arnar gera gat í hvaða svarthol sem er
Albert Einstein:
Afstæðiskenninginn hefur fengið nýja vídd
Kóngurinn
verður á staðnum!
Bogi róni:
Nú erum við í góðum málum (Trallalala la)
Litrík og falleg
Voldug eins og jökullinn sjálfur
BOMBA.IS
VATNAJÖKULL
MORO E DORO
BOMBA.IS
FLATEY
Bombur sem bæta geð!
Hljóðhimna hvað? Ha...?
BOMBA.IS
EYJAFJALLA-JÖKULL
BOMBA.IS
STÓRI HVELLUR - TITANÍUM
Vinsælasta terta síðasta árs
Opnunartímar
Föstudagur 28. des. ..............10-22
Laugardagur 29. des. ............10-22
Sunnudagur 30. des. ............10-22
Mánudagur 31. des. ..............10-16

Áætlanir um að afnema höftin hafa ekki virkað:

# Plan A

Nefnd fulltrúa allra þingflokka, sem stofnuð var til að skoða leiðir að afnámi gjaldeyrishaftanna, skrifaði formönnum stjórnmálaflokkanna bréf fyrir jól. Þar er lagt til að svokallað sólarlagsákvæði í núverandi lögum, um að höftin renni út í lok næsta árs, verði fellt úr gildi og afnám haftanna fremur bundið efnahagslegum skilyrðum sem þurfi að vera fyrir hendi. Nefndin er sömuleiðis á því að ekki sé ráðlegt að samþykkja nauðasamninga Glitnis og Kaupþings nema fyrir liggi heildræn stefna um afnám haftanna.

Um þessa niðurstöðu, sem hefur legið í loftinu alllengi, ríkti samstaða í nefndinni og miðað við viðbrögðin við henni á það sama við í pólitíkinni. Það þýðir í raun að það er sameiginlegt mat stjórnmálaflokkanna að áætlun stjórnvalda og Seðlabankans um afnám haftanna hafi ekki reynzt raunhæf. Aðrar áætlanir um að ganga enn hraðar til verks, eins og sú sem Samtök atvinnulífsins lögðu fram, eru ekki trúverðugar heldur, enda eru höfundarnir hættir að tala um þá áætlun.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Ef „snjóhengjan“ brysti og erlendir krónueigendur færu út úr hagkerfinu með eignir sínar yrði afleiðingin líklega sú að gengi krónunnar hryndi enn á ný, með skelfilegum afleiðingum fyrir almenning í landinu; verðbólgu og hækkun lána heimilanna. Það sama gæti gerzt ef kröfuhafar gömlu bankanna fengju borgað út á skömmum tíma. Þá áhættu vill enginn taka.

Enginn vill orða það þannig, en þessi niðurstaða felur líka í sér pólitíska samstöðu um að næstu árin er ekki búandi við krónuna nema í höftum. Það felur jafnframt í sér að Ísland er ekki þátttakandi í alþjóðahagkerfinu á jafnréttisgrundvelli.

Þegar skýrsla Seðlabankans um kosti Íslands í gjaldeyrismálum kom út sagði seðlabankastjórinn að tækist ekki að losa gjaldeyrishöftin á meðan við byggjum við krónuna yrði að fara í „plan B“ eins og hann kallaði það, að afnema höftin í samstarfi við Evrópusambandið.

Raunar er vandséð af hverju sá kostur ætti ekki að vera plan A við núverandi kringumstæður. Áætlanir um að afnema höftin án þess að vera með skýrt plan um upptöku nýs gjaldmiðils hafa ekki gengið eftir. Afnám haftanna í samstarfi við ESB, með upptöku evrunnar að markmiði, er áætlun sem er bæði líklegri til að ganga upp og að njóta einhvers trúverðugleika meðal erlendra fjárfesta en þau plön sem hingað til hafa mistekizt. Evrópusambandið hefur lýst sig reiðubúið til viðræðna um slíkt og hefur stofnað starfshóp með Íslandi til að skoða málið sem lið í aðildarviðræðunum.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, spurði á Alþingi fyrir jól: „Er verið að tala um að Evrópusambandið ætli að lána fjármuni til að við getum greitt kröfuhöfum út? Er verið að tala um faglega aðstoð, tæknilega aðstoð? Hvers konar aðstoð er verið að tala um?“ Óyggjandi svör við þessum spurningum fær hann ekki nema aðildarviðræðum við Evrópusambandið verði lokið. Formaður Sjálfstæðisflokksins vill hins vegar slíta viðræðunum, sem hann taldi sjálfur fyrir fáeinum árum að ætti að fara í, einkum vegna óvissu um að krónan væri hentugur framtíðargjaldmiðill þjóðarinnar.

Það er ágætt að flokkarnir hafi sameiginlega sýn á núverandi stöðu í gjaldeyrismálum. En sameiginlega framtíðarsýn skortir alveg og raunhæft „plan B“ um krónu án hafta á enginn til.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Borgarstjórinn og byssurnar**

Jón Gnarr borgarstjóri er ekki hræddur við að láta gamminn geisa um stærri mál og minni og hefur meðal annars vakið athygli á mannréttindarmálum í Kína og Rússlandi og stöðu samkynhneigðra um heim allan. Á Facebook-síðu sinni í gær mæltist hann til þess að byssulöggjöf í Bandaríkjunum yrði hert. Jón segir Bandaríkjamenn hafa val milli ótta og ástar og vonast til þess að ástin verði fyrir valinu.

**Ástþór og Jón**

Ástþór Magnússon, friðarfrömuður, athafnamaður og fyrrum forsetaframbjóðandi, styður orð borgarstjórans, í ummælum við frétt Vísis um innlegg Jóns. Þar segir Ástþór að „ofbeldismenningin sem ræktuð er frá Hollywood,“ sé önnur rót þessa vanda. Ólíkustu menn virðast því geta fundið samleið um eitthvað.



**Formannsfjör**

Samfylkingarfélagið í Reykjavík getur ekki breytt reglum sínum varðandi kosningarétt í formannskosningu flokksins fyrr en á aðalfundi í febrúar, segir formaður stjórnar félagsins. Félagið krefst þess að áhugasamir flokksmenn greiði félagsgjald fyrir áramót, eitt aðildarfélaga. Fram hafa komið háværar mótmæli úr flestum áttum, meðal annars frá báðum formannsefnum. Væri ekki ráð að aðildarfélög stjórnmmálaflokka tækju sig saman, áður en kosningabarátta hefst, um verklag og reglur í þessum málum til að koma í veg fyrir brigsl um hyglingar á einn veginn eða annan? Þetta er alltént ekki leiðin til að auka trú almennings á áreiðanleika flokkakerfisins.

thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ánægjuleg og slysalaus áramót

FLUGELDAR



**Sigrún A. Þorsteinsdóttir**
sérfræðingur í forvörnum hjá VÍS

Um hver áramót skjóta Íslendingar upp hundruðum tonna af flugeldum sér og öðrum til ánægju. Af og til blossar upp umræða hvort setja eigi allt þetta púður í hendur almennings með þeirri slysahættu sem því fylgir, þar sem hitinn getur til að mynda orðið allt að 1.200 °C. Fæstir litu sennilega áramótin sömu augum ef flugeldanna nyti ekki við og mörgum þætti tímamótin heldur litlaus þannig.

Að baki hverjum flugeldi liggja ítarlegar prófanir og rannsóknir sem tryggja að hann sé sem öruggastur. Ef átt er við hann og eiginleikunum breytt bjóða menn hættunni heim því engan veginn er hægt að vita hvernig flugeldurinn springur, hversu hratt eða hver krafturinn verður. Ungir drengir eru í mesta áhættuhópnum og mikilvægt að foreldrar lofi þeim ekki að meðhöndla flugeldavörur. Seljendur þurfa einnig að ganga úr skugga um að aldursmörk séu virt því foreldrar mega síns lítils ef börnin geta keypt vörurnar sjálf.

Ef allir fara eftir leiðbeiningum í einu og öllu og gæta fyllsta öryggis ættu áramótin að geta orðið slysalaus.

- Gætið vel að börnum, þau þekkja ekki hætturnar eins og fullorðnir.
- Lesið vel allar leiðbeiningar sem fylgja flugeldum.
- Notið alltaf hlífðargleraugu jafnvel þótt þið séuð aðeins áhorfendur.
- Verjið hendur með skinn- eða ullarhönskum ef meðhöndla á flugeldavörur.
- Geymið flugeldana fjarri þeim stað sem skotið er upp á.
- Ekki geyma flugeldavörur í vasa, ekki einu sinni rokeldspýtur.
- Skjótið upp á opnu svæði og í a.m.k. 20 m fjarlægð frá húsum, bílum og fólki og látið þá sem fylgjast með standa vindmegin við skotstað.
- Aldrei má kveikja í flugeldum sem haldið er á, það má eingöngu með sérmerkt handblys.
- Rakettur verða að vera á traustri undirstöðu þegar þeim er skotið upp.
- Stöðugt undirlag er nauðsynlegt fyrir standblys og skotkökur sem þurfa mikið rými.
- Aldrei má halla sér yfir vöru þegar kveikt er í. Tendra skal á kveiknum með útréttri hendi og víkja strax frá.
- Ef flugeldur springur ekki má ekki nálgast hann í nokkrar mínútur. Ekki reyna að kveikja aftur í heldur hellið vatni yfir hann.
- Munið að áfengi og flugeldar fara aldrei saman.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

## Af netinu

„Nú er hún runnin upp eina ferðina enn, hátíð ljósa, vináttu og fjölskyldustunda. […] Ég er ríkur maður af því að eiga þrjú börn og jól með börnum er það ánægjulegasta við jól sem ég get hugsað mér. Gleðin og eftirvæntingin sem því fylgir og geta slakað á saman með þeim og ærslast af og til er óborganlegt. Þarf ég æðri tilgang? Nei, hið einfalda og mannlega er mér nóg.“

**Svanur Sigbjörnsson**
Læknir

Það er skrýtið af ríkissjónvarpinu að halda þannig á sýningum á Downton Abbey að tvær vikur líði frá því að lokaþætti í 2. hluta raðarinnar er sjónvarpað í Bretlandi og annars staðar þar til hann sést hér á landi. […] Mér skilst að Stöð 2 hafi sýnt síðasta þáttinn af Homeland 2 daginn eftir að hann var frumsýndur erlendis og þannig leitast við að koma til móts við áskrifendur sína með góðri þjónustu. Ríkisútvarpið telur sig ekki þurfa að sinna þjónustu við áhorfendur sína á sama hátt. Þjónusta ríkisútvarpsins minnir dálítið á virðulegu herramennina í Downton Abbey sem vilja ekki horfast í augu við samtíma sinn heldur lifa í gamla tímanum.

**Björn Bjarnason**
fyrrverandi ráðherra

# Með hækkandi sól

FJÁRLÖG



**Katrín Júlíusdóttir**
fjármála- og efnahagsráðherra

Daginn er tekið að lengja að nýju. Smátt og smátt hækkar sólin á lofti svo birtir yfir. En víðar rofar til. Á dögunum samþykkti Alþingi fjárlög fyrir árið 2013. Við höfum þurft að taka mjög erfiðar ákvarðanir um niðurskurð og tekjuöflun til þess að stöðva skuldasöfnun. Stærsti einstaki liður fjárlagafrumvarpsins er vaxtagreiðslur. Við viljum nýta fjármunina sem fara í þetta í menntun og velferð en ráðstafanir síðustu ára hafa miðað að því að slíkt verði gerlegt sem fyrst. Við höfum tekið skref í rétta átt og horfum því til sólar.

### Festa lykilatriði

Með stöðvun skuldasöfnunar ríkissjóðs búum við í haginn fyrir endurgreiðslu skulda. Festa og jafnvægi í ríkisfjármálum eru lykilatriði í að viðhalda fjármálastöðugleika, auka traust og tryggja þannig aðgengi að nauðsynlegri endurfjármögnun. Um leið er þetta mikilvægur liður í því að gera okkur kleift að losa fjármagnshöftin.

Frumjöfnuður í rekstri ríkisins árið 2012 var meðal þeirra skýru markmiða sem sett voru varðandi afkomu ríkissjóðs eftir hrun. Þá hefur verið stefnt að því að heildarjöfnuður, þegar vaxtajöfnuður er meðtalinn, verði orðinn jákvæður á árinu 2014.

Stór áfangi er í augsýn í að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs, ná niður vaxtakostnaði og treysta grunn velferðarsamfélagsins til framtíðar.

Aðgerðir til að ná þessu markmiði hafa verið blönduð leið tekjuöflunar og útgjaldalækkunar, sem var forsenda þess að markmiðum stjórnvalda um félagslegan jöfnuð yrði náð. Árangurinn af þessu er býsna góður og hefur vakið athygli út fyrir landsteinana. Það er ekki síst fyrir þá sök að á aðhaldstímum hefur tekist að minnka atvinnuleysi. Um mitt ár 2009 var það um 9% en var komið niður í 5% á seinnihluta þessa árs. Þá hefur vakið eftirtekt að á Íslandi hefur þrátt fyrir efnahagshrunið tekist að standa vörð um grunnstoðir velferðarkerfisins og hag þeirra sem bjuggu við lökust kjör.

### Fjárfestingaáætlun til góðs

Nýsamþykkt fjárlög og lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum taka mið af þeirri nauðsyn sem örvun fjárfestingar er. Um mikilvægi hennar á Íslandi þarf ekki að fjölyrða. Einkum er nauðsynlegt að auka atvinnuvegafjárfestingu og leggja þannig grunn að verðmætasköpun og jákvæðum gjaldeyrisjöfnuði til frambúðar.

Ráðgjafafyrirtækið McKinsey benti á í nýlegri skýrslu um vaxtarleið fyrir Ísland, að sérstaka rækt yrði að leggja við alþjóðageirann, sem er sá hluti atvinnulífsins sem byggir ekki síst á virkjun hugvits í alþjóðlegri samkeppni. Vexti mikilvægustu auðlindagreina okkar eru náttúruleg takmörk sett svo til framtíðar þurfum við í auknum mæli að reiða okkur á fyrrnefndan alþjóðageira.

Af þessu hefur stefna ríkisstjórnarinnar tekið mið og hennar sér stað í nýsamþykktum fjárlögum. Fjárfestingaáætlun sem er hluti af fjárlagagerð næsta árs byggist meðal annars á því að við nýtum hluta auðlindaarðs þjóðarinnar til eflingar innviða og uppbyggingar atvinnulífs. Tækniþróunarsjóður og Rannsóknasjóður er efldur um 750 milljónir króna á ári. Þá renna um 500 milljónir til markáætlana sem gefa fjölmörgum frumkvöðlum og nýsköpunarfyrirtækjum tækifæri til að þróa verðmæta vöru og þjónustu.

Enn fremur renna 500 milljónir króna í græna hagkerfið, en þar eru mörg sóknarfæri til framtíðar, og 200 milljónir fara í að styðja fyrirtæki við að þróa umhverfisvænni lausnir. Þarna eru brýn verkefni á ferð enda skapast með þessu ný störf og verðmæti.

Jafnframt er hafið ferli til lækkunar launatengdra gjalda með lækkun tryggingagjalds.

### Hugað að barnafjölskyldum

Ein mikilvægustu tíðindin í nýsamþykktum fjárlögum eru þau að áfram er forgangsraðað í þágu bættra kjara hópa sem mest þurfa á að halda. Bættur hagur barnafjölskyldna er í fyrirrúmi, enda hafa greiningar á stöðu barnafjölskyldna sýnt að rík þörf er á að huga að kjörum þessa hóps og tryggja velferð barna til framtíðar. Alls verður um fjórum og hálfum milljarði króna varið til hækkunar barnabóta og framlengingar sérstakrar hækkunar vaxtabóta. Í kjölfar þessarar hækkunar munu um 11 milljarðar renna til barnafjölskyldna á næsta ári.

**➜ Við sjáum dæmi um endurnýjunarþrótt atvinnulífsins í nýjum greinum sem hafa verið að vaxa og dafna.**

### Endurnýjunarþróttur

Það er ánægjulegt að geta haldið jólahátíðina og fagnað um leið þeim áfanga sem við erum að ná í að vinna úr afleiðingum hruns fjármálakerfisins. Við sjáum dæmi um endurnýjunarþrótt atvinnulífsins í nýjum greinum sem hafa verið að vaxa og dafna.

Næstu verkefni okkar eru að fylgja þessum árangri eftir svo við náum markmiðum efnahagsáætlunar ríkisstjórnarinnar um jöfnuð og afgang í ríkisfjármálum á næstu árum, aukna verðmætasköpun í atvinnulífinu, fjölgun starfa og bættan hag heimilanna.

# Mannréttindabrot landlæknisembættisins

HEILBRIGÐISMÁL



**Árni Richard Árnason**
verkfræðingur

Árið 2009 kvartaði ég til landlæknisembættisins yfir mistökum í krossbandsaðgerð og endurhæfingu sem ég gekkst undir í Orkuhúsinu. Embættið fékk tvo umsagnaraðila til að gefa álit sitt. Annar þeirra var Magnús Páll Albertsson, meðstofnandi Læknastöðvar Orkuhússins. Hinn var Sigrún Vala Björnsdóttir, lektor við sjúkraþjálfunarskor Háskóla Íslands. Landlæknisembættið gaf út álit sitt í mars 2011 sem var á þann veg að „ekki verði séð að um vanrækslu eða mistök“ hafi verið að ræða. Einnig kom fram að vöðvaslit á tveimur vöðvum í aftanverðu lærinu hefði ekki verið fylgikvilli aðgerðarinnar, jafnvel þó að sinar sömu vöðva hefðu verið fjarlægðar í aðgerðinni.

Í kjölfarið kom ég að mörgum alvarlegum athugasemdum við rökstuðning álitsgjafa. Þar á meðal voru ábendingar um augljósar rangfærslur, s.s. að Sigrún Vala hefði vísað í margar fræðigreinar um sjúkraþjálfun sem fjölluðu um aðra tegund krossbandsaðgerðar en ég gekkst undir. Einnig rökstuddi ég að krossbandið hefði verið rangt staðsett en þann rökstuðning fékk ég hjá dönskum læknum mínum. Þar að auki vísaði ég í margar fræðigreinar máli mínu til stuðnings. Umsagnirnar sýndu augljós merki þess að verið væri að hylma yfir mistök. Í nóvember 2011 gaf landlæknisembættið út lokaálit sitt með óbreyttri niðurstöðu þar sem hvergi var minnst á athugasemdir mínar eða rökstuðning.

### Vanhæfir

Ég kærði málsmeðferðina til velferðarráðuneytisins, og í ágúst sl. úrskurðaði ráðuneytið báða umsagnaraðila vanhæfa í ljósi fjölda rangfærslna, órökstuddra fullyrðinga, og sýnt óhlutleysi í umsögnum sínum. Álit landlæknisembættisins var þar með ógilt og vísað til embættisins til útgáfu á nýju áliti.

Það er ótrúlegt að starfsmaður Háskóla Íslands skuli taka þátt í þeim leik landlæknisembættisins að sparka í þá sem eiga um sárt að binda með því að beita lygum og blekkingum. Nýlega sendi ég kvörtun til umboðsmanns Alþingis þar sem ég fer fram á að fjórir starfsmenn landlæknisembættisins, þ.á.m. landlæknir sjálfur, verði dæmdir vanhæfir til að hafa frekari aðkomu að málinu. Ástæðan er einbeittur brotavilji þeirra til að fá fyrirfram ákveðna niðurstöðu, m.a. með því að hafa hunsað alvarlegar athugasemdir mínar, falið lykilgögn í málinu og þrengt möguleika mína til að koma að athugasemdum.

Í aðgerðinni í Orkuhúsinu var krossbandið staðsett með þeim hætti að það gefur of mikla mótstöðu þegar hnéð er í djúpri beygju og kemur þannig í veg fyrir að hnéð nái hámarksbeygju. Nýja krossbandið þarf að staðsetja með mikilli nákvæmni, en rannsóknir hafa sýnt að 5 mm skekkja valdi því að álagið á krossbandið eykst um meira en helming. Hættan á að nýja krossbandið slitni margfaldast af þeim sökum, og það getur gerst löngu eftir aðgerðina, jafnvel 10 árum síðar. Þessi mistök eru algeng þrátt fyrir að fjallað hafi verið um þau í fjölmörgum læknagreinum.

### Ótrúleg mannfyrirlitning

Ég hef fengið þrjá virta danska lækna til að gefa mér skriflegt álit sitt um að krossbandið hafi verið rangt staðsett. Einn þeirra starfar í nefnd sem úrskurðar um læknamistök. Það segir mér að í Danmörku væri búið að fara í saumana á sambærilegu máli. Á Íslandi þurfa fórnarlömb læknamistaka sem vilja leita réttar síns að þola ótrúlega mannfyrirlitningu starfsmanna landlæknisembættisins. Sjálfur hef ég orðið fyrir um 450.000 króna lögfræðikostnaði til að verjast embættinu. Þess utan hef ég gengist undir þrettán aðgerðir sem hafa kostað mig tólf milljónir króna. Enn hef ég ekki fengið krónu í bætur vegna sjúklingatryggingar sem á að bæta skaða sem hlýst af læknismeðferð óháð því hvort mistök hafi átt sér stað.

Eftir að hafa borið myndræn gögn annarra krossbandssjúklinga Orkuhússins undir lækna þá hef ég ekki ástæðu til að ætla að ég hafi fengið verr staðsett krossband en þessir sjúklingar. Það er ljóst að fleiri hafa slitna vöðva en ég eftir að hafa fengið sömu eftirmeðferð. Einnig virðist það vera regla í Orkuhúsinu að sjúklingar fái ekki skriflega endurhæfingaráætlun í hendur, en samkvæmt þeim læknum sem ég hef rætt við er það algjört fúsk.

**➜ Ég kærði málsmeðferðina til velferðarráðuneytisins, og í ágúst sl. úrskurðaði ráðuneytið báða umsagnaraðila vanhæfa ...**

Ég bið ráðamenn og almenning að láta sig varða það svívirðilega óréttlæti sem fer fram innan veggja landlæknisembættisins. Það virðist vera í eðli margra Íslendinga að hugsa fyrst og fremst um sjálfa sig þangað til þeir lenda í því sjálfir að verða fórnarlömb. Fyrir nokkru sá ég heimildaþátt um mannréttindabrot í Kína og þau minntu um margt á vinnubrögð landlæknisembættisins. Það eina sem hægt er að gera er að reka þá starfsmenn embættisins sem ítrekað eru staðnir að því að brjóta lög og ráða í staðinn fólk sem vinnur af heilindum.





HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 12-0913

Kia Sportage EX

Árgerð 2012, 136 hestafla dísilvél, sjálfskiptur, 4x4, ekinn 30.000 km, 6 ár eftir af ábyrgð.

Álfelgur, aksturstölva, hraðastillir, hiti í öllum sætum, loftkæling, fjarstýrðar samlæsingar, þjófavörn og margt fleira. Eyðir aðeins 6,9 l/100 km í blönduðum akstri.*

▸ Verð: 5.590.000 kr.

Mánaðarleg afborgun: 36.000 kr.**

*Skv. uppgefnum meðaleyðslutölum frá framleiðanda.

**Miðað við 3.500.000 kr. útborgun í peningum eða með uppítökubíl ásamt láni frá ERGO til 84 mánaða. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 11,64%. Vextir: 9,70%.

ergo

Gæðabíll

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR

Kletthálsi 2 · Sími 590 2160 · notadir.is

Opið frá kl.10-18

ASKJA

Fyrirtækjadagar

Nýr iMac



Fyrir fyrirtækið þitt

Opið til 18.00 milli jóla og nýárs.
Opið til 16.00 29. des.

epli.is

Smáralind | Sími 512 1330
Laugavegi 182 | Sími 512 1300




# Hægri grænir er flokkur fólksins

STJÓRNMÁL



**Guðmundur Franklín Jónsson**
formaður Hægri grænna, flokks fólksins

Einstaklings og atvinnufrelsi – frelsisstefna eru einkunnarorð og grunnstef Hægri grænna, flokks fólksins. (HG). Flokkurinn er grænn borgaraflokkur. HG er flokkur tíðarandans, raunsæisstjórnmála og er umbótasinnaður endurreisnarflokkur. HG er landsmálaflokkur og ætlar ekki að taka þátt í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum. Framtíð Íslands er samofin framleiðslu á matvælum, orku og blómlegri ferðaþjónustu. Við viljum Ísland sem stærsta þjóðgarð Evrópu, friðland dýralífs og náttúru. Ísland er fjársjóður framtíðarinnar.

### Raunsær umhverfisverndarflokkur

HG er umhverfisverndarflokkur og hugsar um hnattræn áhrif umhverfisins á ábyrgan hátt. Raunsæisstefna flokksins vill stefnumarkandi umhverfislausnir t.d. þar sem erfitt er að vernda almannaeign. Þessi raunsæisstefna er stundum kölluð blágræn hugmyndafræði, „Blue Green“ eða „Conservative Green“, en stefnan aðhyllist skynsamleg umhverfisvæn haggildi. Flokkurinn vill byggja upp grænt markaðshagkerfi á Íslandi. Bæði náttúruverndarsinnaðir íhaldsmenn sem og frjálslyndir félagshyggjumenn eða allir þeir sem aðhyllast frjálst markaðshagkerfi geta fylkt sér um stefnu flokksins um alhliða skynsamlega notagilda náttúruvernd. Íslendingar hafa ávallt verið í farabroddi fyrir náttúruvernd og sýnt það í verki. Það er stefnan að það verði aðall okkar.

### Vandamálið er fjórflokkurinn

Það er ljóst að við eigum sem þjóð og einstaklingar við ýmis vandamál að stríða, sem fjórflokkurinn ber alfarið stjórnmálalega ábyrgð á. Það þýðir að stjórnmálastéttin hefur sýnt sig að vera oft vanhæf til verkanna, en vonandi geta flokkarnir þó endurnýjað lífdaga sína með því að nýtt efnilegt og praktískt fólk komist þar að. Annað vandamál er að stjórnmálamenn efna gjarnan ekki þau fyrirheit, sem þeir gefa fyrir kosningar, fyrirheit um að takast á við vanda, sem þeir samt vita að þeir valda ekki. Það lýsir t.d. lélegum stjórnarháttum og siðbresti, þegar menn sjá fram á það að þeir ráða ekki við verkefnin, að reyna þá með blekkingum og orðfimi að koma sökinni yfir á aðra, en óafvitandi bersýnir það þekkingar- og hæfileikaskort þeirra þegar upp er staðið. Það er því algjör nauðsyn að skipta út fólki, sem á einn eða annan hátt hefur ekki staðið sig í stjórnun landsins. Við viljum öll nýtt Alþingi með fólki, sem ber ríkan kærleika til landsins og þjóðarinnar og skilur engan okkar útundan. Fólk með vit og þekkingu, hugsjónir og lausnir. Við eigum okkar litla land, við erum ein lítil fjölskylda, tölum sama tungumálið og með sömu hagsmunina öll saman sem eitt. Þeir, sem vilja vinna í þessum anda, munu ná kjöri í næstu kosningum. En ef það því miður reynist ekki þor eða vilji hjá meirihluta þjóðarinnar að ná fram slíkum breytingum, þá verður hér áfram allt eins og það er og þá meira af því sama og því sama.

### Úrelt embættismannakerfi

Gamla íslenska fjórflokks- og embættismannakerfið er úr sér gengið. Það sýndi sig vel í aðdraganda íslenska efnahagshrunsins og svo til dagsins í dag, en Alþingi er núna nánast óstarfhæft svo sem menn vita. Því miður er ekki hægt að segja að hlutirnir hafi mikið breyst eftir hrun, nema þá til hins verra. Vandamálið var og er samtryggingin og mjög náin tengsl stjórnmálamanna við embættismenn við verkalýðshreyfinguna við fjármagnseigendur. Þetta margeyki stöðnunarinnar er það, sem heldur landinu í heljargreipum verðtryggingarinnar í gegnum handstýrða verðbólgu, sem orsakast af of háum neysluskóttum, peningastefnu Seðlabankans og 3,5% raunávöxtunarkröfu lífeyrissjóðanna.

**➜ Skilgreina þarf betur hlutverk hins opinbera, þannig að það þjóni hlutverki sínu gagnvart fólkinu í landinu og standi vörð um grunnþjónustuna.**

### Smátt er smart

Skilgreina þarf betur hlutverk hins opinbera, þannig að það þjóni hlutverki sínu gagnvart fólkinu í landinu og standi vörð um grunnþjónustuna. Tómarúm hefur skapast gagnvart heimilunum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum, en stefna stjórnvalda hefur hingað til verið að standa vörð um stórfyrirtæki og fyrirtækjasamstæður í skjóli fjármálastofnana, hvort sem er þau eru í ríkis- eða í einkaeigu. Þessu verður að breyta. Þetta á sérstaklega við um ákvarðanir varðandi heilbrigðisþjónustuna og uppbyggingu heilbrigðiskerfisins. Hægri grænir ætlar að taka allar nýlokaðar spítala- og heilsugæslustofnanir strax aftur í notkun og auka nálægðina aftur við þjónustu við fólkið, sem gleymist allt of oft í háloftum herranna.

Hægri grænir er flokkur fólksins og flokkur heiðarleika, lausna og breyttra stjórnarhátta.

# Það kemur ekkert fyrir mig!

UMFERÐ



**Einar Guðmundsson**
formaður Brautarinnar – bindindisfélags ökumanna

Nú þegar áramótin eru fram undan munu landsmenn fagna nýju ári. Margir njóta áramótanna með því að skála í missterkum veigum. Það tilheyrir á þessum tímamótum. En hvað gerist síðan þegar halda skal heim á leið og erfitt að fá leigubíl? Er ekki í lagi að aka eftir eitt eða tvö glös? Er ég bara ekki betri ökumaður? Mér finnst það að minnsta kosti stundum.

Poppdívan kom hingað í október til að taka á móti friðarverðlaum úr sjóði Yoko Ono og John Lennon. Hún lenti með einkaþotu á Reykjavíkurflugvelli ásamt tíu manna fylgdarliði og fór svo af landi brott um kvöldið.



## CHRIS HEMSWORTH

Framhaldsmyndin Thor 2 var tekin upp á Íslandi í október og að sjálfsögðu var aðalleikarinn Chris Hemsworth á staðnum. Tökur fóru meðal annars fram í Dómadal við Landmannalaugar.



## BEN STILLER

Lék í haust í mynd sinni The Secret Life of Walter Mitty. Tökur fóru meðal annars fram í Grundarfirði, Borgarnesi og í Stykkishólmi, þar sem hann lét mála ráðhús bæjarins svart fyrir tökurnar.

## ANTHONY HOPKINS

Leikarinn sem fékk Óskarinn fyrir að leika mannætuna Hannibal Lecter fór með hlutverk Metúsalems, afa Nóa, í stórmynd leikstjórans Darrens Aronofsky.





## JENNIFER CONNELLY

Sást rölta um Laugaveginn ásamt manni sínum Paul Bettany. Bæði léku þau í Noah.




grafika.is / Guðrún Anna 2012

# Íslenskar Ísfugls kalkúnabringur á hátíðarborðið



*Kalkúnakjöt er vinsæll hátíðarmatur og heilsteiktur fugl gefur réttu fjölskyldustemninguna um jól og áramót.*

*Kalkúnabringur eru einnig góður valkostur í hátíðarmatinn. Þær fást í hæfilega stórum einingum, ferskar, kryddaðar eða fylltar með góðgæti.*

*Kalkúnabringur eru fitusnauðar, ljúffengar og léttar í maga.*
*Taktu því létt og hafðu kalkúnakjöt um hátíðarnar.*

*Kalkúnn*

**Íslensk framleiðsla**

*Ljúffeng máltíð og létt í maga*

# Bílstjóraþjónustan sló í gegn

Þegar líður að árslokum er gaman að líta yfir farinn veg og rýna í árið sem brátt er að baki. Fréttablaðið tók saman vinsælustu dægurmálafréttir ársins 2012, en frétt um bílstjóraþjónustu fyrir ölvaða var vinsælasta dægurfrétt ársins.



1

## Skutla bílunum heim fyrir ölvaða fólkið (desember)

Félagarnir Ómar Pröstur Hjaltason og Kristinn Sævar Magnússon stofnuðu fyrirtækið Keyrðu mig heim, sem sérhæfir sig í bílstjóraþjónustu fyrir ölvaða. Fyrirtækið er með bílstjóra á sínum snærum sem sækja samkvæmisljón í bæinn og skutla þeim heim á þeirra eigin bíl.



2

## Uppgötvaður af L.A. Reid og kominn á samning hjá Sony (nóvember)

Tónlistarmaðurinn og knattspyrnukappinn Jón Ragnar Jónsson landaði plötusamningi við Sony eftir að hann heillaði útgáfustjórann og X Factor-dómarann L.A. Reid.



3

## Arnar Gunnlaugs kolféll fyrir bandarískri leikkonu (janúar)

Knattspyrnuhetjan Arnar Gunnlaugsson og leikkonan Michaela Conlin felldu hugi saman þegar leikkonan heimsótti Ísland í nóvember 2011. Parið kynntist í gegnum Ásdísi Rán og eyddi áramótunum saman. Conlin er þekktust fyrir að leika í sjónvarpsþáttunum Bones.



4

## Sölvi Tryggva tók inn nauðgunarlyf (febrúar)

Fjölmiðlamaðurinn Sölvi Tryggvason tók inn töflu af samheitalyfi Rohypnol í rannsóknarskyni fyrir þátt sinn Málið. Þátturinn fjallaði um nauðgunarlyf og var sýndur á Skjá einum mánudaginn í mars.



5

## 5. Leoncie svarar Tobbu Marínós (febrúar)

Leoncie sendi Tobbu Marínósdóttur tóninn vegna pistils sem hún skrifaði á bloggsíðu sína um tónleika þeirrar fyrrnefndu á Gauki á Stöng í lok janúar. Tobba kvartaði undan því hversu seint Leoncie steig á sviðið, ásökunum sem Leoncie vísaði alfarið á bug.



6

## 6. Kynlífsórar kvenna aukast (mars)

Frétt sem greindi frá því að nýjar rannsóknir hefðu leitt í ljós að kynlífsórar kvenna aukast í kringum þann tíma tíðahringsins þegar egglos á sér stað.



7

## Heiðar keypti 100 milljóna hús (ágúst)

Fótboltamaðurinn Heiðar Helguson keypti hús á Sunnuvegi. Fréttablaðið hafði heimildir fyrir því að eignin kostaði um 100 milljónir króna.

## Voru skíthræddir um að bardaginn yrði blásinn af (október)

Jón Viðar Arnþórsson veitti Gunnari Nelson skurð á andlit þegar þeir tóku létta æfingu fyrir fyrsta UFC-bardaga Gunnars. Samkvæmt reglum UFC mega keppendur ekki vera með skurð í andliti þegar í bardagann er komið og óttaðist Jón Viðar að hann væri búinn að eyðileggja allt fyrir félaga sínum. Svo reyndist þó ekki vera.



8



9

## Engin kvöð að þykjast vera ástfanginn (júlí)

Elmar Johnson lék kærasta Þórunnar Antoníu Magnúsdóttur í myndbandi við So High af nýrri plötu hennar. Elmar sagði tengingu hafa myndast auðveldlega milli þeirra og að það hafi ekki verið nein kvöð að þykjast vera ástfanginn af henni.



10

## Óþekkjanleg í hlutverki Hildar Lífar í Skaupinu (janúar)

Leikkonan Anna Gunndís Guðmundsdóttir, eða Dunda, sló í gegn sem glamúrgellan Hildur Líf í Áramótaskaupinu í fyrra.





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HOBBIT: UNEXPECTED 3D | KL. 1 - 4:30 - 8 - 11:30 | 12 |
| HOBBIT: UNEXPECTED | KL. 4 -6 - 10 | 12 |
| HOBBIT: UNEXPECTED VIP | KL. 1 - 4:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:50 - 8 - 10:30 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSL TAL | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SAMMY 2 ÍSL TAL 3D | KL. 1:30 | L |
| RED DAWN | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 1:30 - 3:40 | L |
| RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL | KL. 3:40 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ENS TAL | KL. 8:20 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSL. TAL | KL. 1:30 | L |
| ARGO | KL. 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HOBBIT: UNEXPECTED JOURNEY | KL. 4 - 8 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 1:30 | L |
| SAMMY 2 ÍSL TAL | KL. 2 - 4- 6 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HOBBIT: UNEXPECTED 3D | KL. 1-4:30-7-8-10:20-11:20 | 10 |
| HOBBIT: UNEXPECTED | KL. 3:40 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 3- 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| SAMMY 2 ÍSL TAL 3D | KL. 1 | L |
| SAMMY 2 ÍSL TAL | KL. 3:20 | L |
| RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 1 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL 3D | KL. 1 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| LIFE OF PI 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 10 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 1:30-3:40-5:50 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL | KL. 1 - 3:10 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL | KL. 1 - 3:10 | L |
| PLAYING FOR KEEPS | KL. 8 | 12 |
| SKYFALL | KL. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| RED DAWN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 2 - 4 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ENS TAL | KL. 6 | L |
| SAMMY 2 ÍSL TAL | KL. 2 - 4 - 6 | L |




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.40 - 4.30 - 7 - 8 - 10.20 - 11.20 | 12 |
| THE HOBBIT 3D LÚXUS | KL. 1 - 4.30 - 8 - 11.20 | |
| LIFE OF PI 3D | KL. 1 (TILB.) - 5.15 - 8 - 10.45 | 10 |
| LIFE OF PI | KL. 5.15 - 8 - 10.45 | 10 |
| GOÐSAGNIRNAR FIMM | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.10 | 7 |
| NIKO 2 | KL. 1 (TILBOÐ) - 3 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D | KL. 3.20 (TILB.) - 5.40 - 6.40 - 9 - 10 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 3.15 (TILBOÐ) - 6 - 9 | 10 |
| SILVER LININGS PLAYBOOK | KL. 3 (TILBOÐ) - 6 | 16 |
| CLOUD ATLAS | KL. 9 | 16 |
| NIKO 2 | KL. 3 (TILBOÐ) | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D | KL. 3.20 (TILBOÐ) - 6.30 - 10 | L |
| LIFE OF PI 3D | KL. 3.20 (TILBOÐ) - 5.40 - 8 - 10.30 | 10 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ GLEÐILEG JÓL




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D (48 ramma) | 2, 6, 10 | 12 |
| THE HOBBIT 3D | 4, 7.30, 11 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | 5.30, 8, 10.30 | 10 |
| RISE OF THE GUARDIANS 3D | 2 | L |
| NIKO 2 | 2 | L |




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

FIMMTUDAGUR: ■ CHICKEN WITH PLUMS (14) 18:00, 20:00, 22:00 ■ TAKE THIS WALTZ (14) 17:40, 20:00, 22:20 ■ WADJDA (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 22:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.






NAOMI WATTS
TILNEFND TIL GOLDEN GLOBE VERÐLAUNA
BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI

100/100
„Ógnvænlega vel gerð."
VARIETY

100/100
„Fer beint í efsta sæti yfir þær myndir sem fólk verður að sjá á árinu."
NEW YORK OBSERVER

100/100
„Einstaklega raunveruleg stórslysamynd, sem lætur engan ósnortinn"
The Hollywood Reporter

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

# Komin í bíó

SAMBÍÓIN

# Alfreð tók markametið af Pétri

**Alfreð Finnbogason skoraði 34 mörk í opinberum leikjum á alþjóðlegum vettvangi á árinu 2012, fleiri en nokkur annar íslenskur knattspyrnumaður í sögunni. Pétur Pétursson var búinn að eiga metið í 33 ár, en hann skoraði 32 mörk fyrir Feyenoord árið 1979.**

**FÓTBOLTI** Alfreð Finnbogason hefur átt magnað ár sem lauk með viðeigandi hætti þegar hann tryggði Heerenveen sigur í síðasta leik liðsins fyrir jólafrí. Alfreð var þarna að skora sitt fjórtánda mark í hollensku deildinni á tímabilinu en hafði áður rofið tíu marka múrinn hjá sænska liðinu Helsingborg og skorað eitt að auki fyrir Lokeren í belgísku deildinni.

Mörkin hans urðu því alls 34 á árinu 2012; hann skoraði 32 mörk fyrir þrjú félög í þremur löndum að viðbættum þeim tveimur sem hann skoraði fyrir íslenska landsliðið.

Ekki hefur verið haldið úti tölfræði yfir mörk íslenskra knattspyrnumanna á einu almanaksári en Fréttablaðið hefur nú komist að því að Alfreð hafi í raun bætt með þessu 33 ára gamalt markamet Péturs Péturssonar.

Árið 1979 var Pétur á tuttugasta aldursári og á sínu fyrsta og öðru tímabili með hollenska félaginu Feyenoord. Pétur skoraði alls 32 mörk í 45 leikjum með Feyenoord á árinu 1979 og við lok þess var hann í hópi markahæstu manna Evrópu.

Alfreð er á 23. aldursári og skoraði alls 34 mörk í 48 leikum, þar af 32 mörk í 42 leikjum fyrir félagslið sín.

Pétur kom til hollenska félagsins eftir magnað tímabil með Skagamönnum 1978 þar sem hann skoraði 24 mörk í deild (19) og bikar (5). Hann lék sinn fyrsta leik með Feyenoord í október 1978 og náði að skora tvö mörk áður en deildin fór í vetrarfrí.

Þegar deildin fór aftur í gang eftir vetrarfríið var íslenski glókollurinn kominn inn í hlutina. Hann skoraði reyndar ekki í fjórum fyrstu leikjunum en lék betur og betur með hverjum leik og fór síðan að raða inn mörkum á lokakaflanum, þar sem hann var meðal annars með tíu mörk í ellefu leikjum.

Pétur spilaði ekki síðasta leik tímabilsins, þar sem hann var í eldlínunni með landsliðinu á sama tíma. Pétur spilaði fjóra landsleiki þetta ár en tókst ekki að skora. Það eru einmitt landsliðsmörkin tvö hjá Alfreð sem skila honum upp fyrir Pétur því þeir félagar skoruðu jafnmörk fyrir félög sín á þessum miklu markaárum sínum.

Pétur kom reyndar til Íslands í lok júlí 1979 og skoraði þá 6 mörk í 4 leikjum á móti ÍA, ÍBV og KA en mörk í vináttuleikjum teljast ekki með enda er hér um að ræða mörk í opinberum leikjum á alþjóðlegum vettvangi. Að sama skapi eru ekki tekin mörk í íslensku deildinni en það væri vissulega efni í aðra samantekt.

Pétur hóf tímabilið 1979-80 á því að setja met sem stendur enn í Hollandi þegar hann skoraði í átta fyrstu deildarleikjunum. Snillingar eins og Romario, Ronaldo, Marco van Basten og Ruud van Nistelrooy náðu aldrei að ógna Íslendingnum.

Pétur skoraði alls 22 mörk í fyrstu 24 leikjum tímabilsins í öllum keppnum og var markahæsti leikmaður hollensku deildarinnar í árslok með 16 mörk í 17 leikjum en endaði tímabilið í 2. sætinu með 23 mörk í 33 leikjum. Hann meiddist illa á hné í sjötta leik tímabilið eftir og náði aldrei að komast í sama markaform og hann var í þetta magnaða tímabil fyrir 33 árum.

Hér á síðunni má sjá samanburð á afrekum þeirra Alfreðs og Péturs en það verður gaman að sjá hvernig Alfreð tekst upp fyrir framan mark andstæðinganna þegar árið 2013 er runnið í garð.

ooj@frettabladid.is







## Mörk Péturs 1979

**Deildarleikir:** 34 leikir / 26 mörk
**Bikarleikir:** 1/2
**Evrópuleikir:** 6/4
**Landsleikir:** 4/0
**Samtals:** 45/32

**Fyrir Feyenoord:** 41/32
**Fyrir Ísland:** 4/0

## Mörk Alfreðs 2012

**Deildarleikir:** 35 leikir / 27 mörk
**Bikarleikir:** 3/4
**Evrópuleikir:** 4/1
**Landsleikir:** 6/2
**Samtals:** 48/34

**Fyrir Lokeren:** 2/1
**Fyrir Helsingborg:** 22/13
**Fyrir Heerenveen:** 18/18
**Fyrir Ísland:** 6/2

| Mörk Péturs eftir mánuðum | | Mörk Alfreðs eftir mánuðum | |
|---|---|---|---|
| JANÚAR | 0 MÖRK | 0 MÖRK | JANÚAR |
| FEBRÚAR | 0 MÖRK | 1 MARK | FEBRÚAR |
| MARS | 0 MÖRK | 3 MÖRK | MARS |
| APRÍL | 5 MÖRK | 2 MÖRK | APRÍL |
| JÚNÍ | 0 MÖRK | 0 MÖRK | JÚNÍ |
| JÚLÍ | 0 MÖRK | 5 MÖRK | JÚLÍ |
| ÁGÚST | 5 MÖRK | 3 MÖRK | ÁGÚST |
| SEPTEMBER | 5 MÖRK | 8 MÖRK | SEPTEMBER |
| OKTÓBER | 8 MÖRK | 5 MÖRK | OKTÓBER |
| NÓVEMBER | 3 MÖRK | 2 MÖRK | NÓVEMBER |
| DESEMBER | 1 MARK | 4 MÖRK | DESEMBER |

Á LEIÐ TIL ÚTLANDA
OPTICAL STUDIO
FRÍHÖFN LEIFSSTÖÐ
Verslaðu á hagstæðara verði í okkar fullbúnu gleraugnaverslun á fríhafnarsvæðinu í Leifsstöð
ALLT AÐ 50% ÓDÝRARI
EN SAMBÆRILEG VARA Á MEGINLANDI EVRÓPU
Sjónmælingar (tímapantanir):
Optical Studio Smáralind, s. 528 8500 og Optical Studio Keflavík, s. 421 3811




NÝTT
Senseo®
ILMANDI FERSKT GÆÐAKAFFI
Á HVERJUM EINASTA DEGI
CLASSIC
FORTE
CAPPUCCINO
8 COFFEE PADS
UPPGÖTVAÐU NÝJAN BRAGÐHEIM SENSEO

## ÚRSLIT

### ENSKA ÚRVALSDEILDIN

**EVERTON - WIGAN 2-1**
1-0 Leon Osman (52.), 2-0 Phil Jagielka (77.), 2-1 Arouna Koné (82.).

**FULHAM - SOUTHAMPTON 1-1**
1-0 Dimitar Berbatov (8.) 1-1 R. Lambert (85.).

**MANCHESTER UNITED - NEWCASTLE 4-3**
0-1 James Perch (4.), 1-1 Jonny Evans (25.), 1-2 sjálfsmark Jonny Evans (30.), 2-2 Patrice Evra (58.), 2-3 Papiss Cissé (68.), 3-3 Robin van Persie (71.), 4-3 Javier Hernández (90.).

**NORWICH - CHELSEA 0-1**
0-1 Juan Mata (39.).

**QPR - WEST BROM 1-2**
0-1 Chris Brunt (29.), 0-2 Sjálfsmark Robert Green (50.), 1-2 Djibril Cisse (68.).

**READING - SWANSEA 0-0**

**SUNDERLAND - MANCHESTER CITY 1-0**
1-0 Adam Johnson (53.).

**ASTON VILLA - TOTTENHAM 0-4**
0-1 Jermain Defoe (58.), 0-2 Gareth Bale (61.), 0-3 Gareth Bale (73.), 0-4 Gareth Bale (84.).

### STAÐA EFSTU LIÐA Í DEILDINNI

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Man. United | 19 | 15 | 1 | 3 | 48-28 | 46 |
| Man. City | 19 | 11 | 6 | 2 | 34-16 | 39 |
| Chelsea | 18 | 10 | 5 | 3 | 37-17 | 35 |
| Tottenham | 19 | 10 | 3 | 6 | 34-25 | 33 |
| Everton | 19 | 8 | 9 | 2 | 32-23 | 33 |
| WBA | 19 | 10 | 3 | 6 | 28-23 | 33 |
| Arsenal | 18 | 8 | 6 | 4 | 32-18 | 30 |

### Aron hetja Cardiff



Aron Einar Gunnarsson kom inn á sem varamaður og skoraði sigurmark Cardiff í 2-1 sigri á Crystal Palace í ensku b-deildinni í gær, en sigurinn færði liðinu fimm stiga forskot. Aron kom inn á í hálfleik og skoraði sigurmarkið á 73. mínútu með skalla eftir stoðsendingu frá Craig Bellamy. Þetta er í fjórða sinn í vetur sem Aron skorar eftir að hafa byrjað leikinn á bekknum.

## SIGURMÖRK MANCHESTER UNITED Í VETUR

2. september 3-2 sigur á Southampton
**Robin van Persie** á 90.+2 mínútu

23. september 2-1 sigur á Liverpool
**Robin van Persie** á 81. mínútu

28. október 3-2 sigur á Chelsea
**Javier Hernandez** á 72. mínútu

10. nóvember 3-2 sigur á Aston Villa
**Javier Hernandez** á 87. mínútu

28. nóvember 1-0 sigur á West Ham
**Robin van Persie** á 1. mínútu

1. desember 4-3 sigur á Reading
**Robin van Persie** á 34. mínútu

9. desember 3-2 sigur á Manchester City
**Robin van Persie** á 90. mínútu

26. desember 4-3 sigur á Newcastle
**Javier Hernandez** á 90. mínútu



Robin van Persie
**5 sigurmörk**

Javier Hernandez
**3 sigurmörk**

# Sjö stiga forysta hjá United

Manchester United vann 4-3 sigur á Newcastle þrátt fyrir að lenda þrisvar undir og Man. City tapaði á sama tíma fyrir Sunderland. Gareth Bale skoraði þrennu í sigri Tottenham, þar af eitt eftir stoðsendingu frá Gylfa.

**FÓTBOLTI** Annar dagur jóla var góður fyrir Manchester United, sem er komið með sjö stiga forskot á toppnum eftir úrslit 19. umferðinnar í gær. United vann enn einn endurkomusigurinn á sama tíma og nágrannarnir í City töpuðu fyrir Sunderland. Chelsea, Tottenham, Everton og West Brom unnu öll sína leiki og gefa ekkert eftir í baráttunni um að halda sér meðal fjögurra efstu liðanna. „Desember er alltaf mikilvægur mánuður. Við töpuðum tveimur stigum á móti Swansea en bættum fyrir það í dag. Þetta var sönn meistaraframmistaða,“ sagði Sir Alex Ferguson eftir 4-3 sigur á Newcastle í gær. Newcastle komst þrisvar sinnum yfir í leiknum en United jafnaði í öll skiptin og Javier Hernández skoraði síðan sigurmarkið á 90. mínútu. Þetta var áttunda sigurmark United-liðsins í deildinni og enn einn leikurinn þar sem liðið kemur til baka. United hefur nú náð í 24 stig í leikjum þar sem liðið hefur lent undir í fyrstu 19 umferðunum.

Adam Johnson, fyrrum leikmaður Manchester City, skoraði sigurmark Sunderland á móti sínum gömlu félögum og City er nú aðeins fjórum stigum á Chelsea, sem vann 1-0 sigur á Norwich City þökk sé sigurmarki Spánverjans Juan Mata.

„Þeir unnu bæði Manchester United og Arsenal og þetta var því erfiður leikur. Ég er mjög ánægður með frammistöðuna og liðið er farið að sýna karakter,“ sagði Rafa Benitez, stjóri Chelsea.

„Það alltaf sama sagan hjá okkur á móti Sunderland. Ætli við sleppum því ekki að koma hingað á næsta ári en við megum samt ekki gleyma því að við töpuðum hérna á síðasta tímabili en unnum samt titilinn,“ sagði Roberto Mancini, stjóri Manchester City.

Tottenham-maðurinn Gareth Bale var maður dagsins, en hann skoraði þrennu í seinni hálfleik þegar Tottenham vann 4-0 útisigur á Aston Villa. Gylfi Þór Sigurðsson kom inn á sem varamaður ellefu mínútum fyrir leikslok og lagði upp síðasta mark Bales fimm mínútum síðar.

ooj@frettabladid.is



**ÞRENNAN Í HÖFN** Gareth Bale fagnar hér þriðja og síðasta marki sínu á móti Aston Villa, en það kom eftir stoðsendingu frá Gylfa Þór Sigurðssyni. NORDICPHOTOS/GETTY



# Notaður bíll Dúndur díll

**Við kveðjum árið með hvelli dagana 18. til 31. desember.
Notaðir bílar með dúndur afslætti og veglegum flugeldapakka frá Hjálparsveit Skáta í Reykjavík í skottinu.**



**CHEVROLET AVEO LS 1400 - 5. 2010**
Ekinn 70.000 km • Beinskiptur
Verð: 1.450.000.-
**Tilboð 1.190.000.-**



**CHEVROLET LACETTI CDX STATION 2. 2006**
Ekinn 116.000 km • Sjálfskiptur
Verð: 1.150.000.-
**Tilboð 890.000.-**



**FORD EXPLORER SPORT TRAC 4X4 - 9. 2007**
Ekinn 78.000 km • Sjálfskiptur
Verð: 2.990.000.-
**Tilboð 2.190.000.-**



**KIA SPORTAGE - 11. 2005**
Ekinn 127.000 km - Sjálfskiptur
Verð: 1.390.000.-
**Tilboð 1.090.000.-**



**SANGYONG REXTON RX-290 - 7. 2002**
Ekinn 179.000 km • Sjálfskiptur
Verð: 1.390.000.-
**Tilboð 1.090.000.-**



**SUBARU LEGACY - 12. 2006**
Ekinn 146.000 km • Sjálfskiptur
Verð: 1.890.000.-
**Tilboð 1.490.000.-**



**RENAULT MEGANE BERLINE - 02. 2007**
Ekinn 98.000 km - Beinskiptur
Verð: 1.190.000.-
**Tilboð 990.000.-**



**SSANGYONG MUSSO SPORT - 5. 2005**
Ekinn 112.000 km - Sjálfskiptur
Verð: 1.290.000.-
**Tilboð 990.000.-**



FORD ESCAPE XLS AWD - **04. 2004**
Ekinn 111.000 km • Sjálfskiptur
Verð: 1.190.000.-
**Tilboð 990.000.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

**Veglegur flugeldapakki með hverjum seldum bíl***

**Sölustaðir Hjálparsveita Skáta í Reykjavík:**

- **Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23**
- Risaflugeldamarkaður HSSR - Malarhöfða 6
- Spöngin - Grafarvogi
- Grafarholt - við Húsasmiðjuna
- Mjóddin - Breiðholti
- Skátaheimili Skjöldunga - Sólheimum 21a
- Norðlingaholt - Elliðabraut

HJÁLPARSVEIT SKÁTA REYKJAVÍK

*Flugeldapakki fylgir ekki með umboðssölubílum

**Traustur styrktaraðili Hjálparsveitar Skáta í Reykjavík til fjölda ára**

Opið virka daga frá 10-18
Opið á laugardögum 12-16
og í Reykjanesbæ 10-14

Bílabúð Benna - Notaðir bílar
Bíldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 587 1000
Njarðarbraut 9 • Reykjanesbæ • Sími: 420 3330

**Bílabúð Benna**
*Sérfræðingar í bílum*

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20.10

### The Amazing Race



Sextánda þáttaröðin af The Amazing Race hefur göngu sína á Stöð 2 í kvöld. Þessir skemmtilegu þættir hafa hlotið Emmy-verðlaunin sem besta raunveruleikaþáttaröð í sjónvarpi í níu af þeim tíu skiptum sem þau verðlaun hafa verið veitt. Kynnir þáttarins hefur átta sinnum hlotið Emmy-verðlaunin sem besti þáttastjórnandi í raunveruleikaþætti. Í þessari þáttaröð koma heimsækja keppendur meðal annars Síle, Argentínu, Þýskaland, Frakkland og Kína. Ellefu tveggja manna lið mæta sem fyrr til leiks og öll lið eru skipuð pörum sem eiga sér einhverja forsögu.

## Í KVÖLD



### Body of Proof II

**RÚV KL. 21.10** Dana Delany leikur hér meinafræðinginn Megan Hunt. Sú á það til að fara eigin leiðir í starfi stað þess að fylgja settum reglum og lendir iðulega í vandræðum vegna þess. Jeni Ryan leikur yfirmann Megan en þeim er ekki alltaf vel hvor við aðra.

METACRITIC 56/100 IMDb 6,9



### The World Is Not Enough

**SKJÁR 1 KL. 22.00** Pierce Brosnan snýr hér aftur sem 007-töffarinn James Bond. Hann kemst á snoðir um að alþjóðlegur hryðjuverkamaður ætli að ráðast á heiminn með kjarnavopnum og að sjálfsögðu er það í höndum okkar manns að bjarga heiminum frá glötun, enn einu sinni.

Rotten Tomatoes 51% IMDb 6,3



### It‘s Complicated

**STÖÐ 2 KL. 13.25** Meryl Streep og Alex Baldwin leika hjónin fyrrverandi Jane og Jake. Þegar þau hittast í útskrift sonar síns kviknar í gömlum glæðum og áður en þau vita af er Jake farinn að halda framhjá ungri konu sinni með þeirri fyrrverandi. Jane er þó ekki viss hvað hún vill og er með Adam, leikinn af Steve Martin, í takinu líka.

Rotten Tomatoes 56% IMDb 6,6

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1** **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Guð blessi ykkur öll! **14.00** Fréttir **14.03** Fyrsti organistinn - **200** ára minning Péturs Guðjohnsen **15.00** Fréttir **15.03** Smásaga: Heldurðu að ég hafi aldrei átt móður? **15.25** Jólakort frá einum **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Draumleikur: Á hundrað ára ártíð August Strindberg **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins: Fílharmóníusveit Berlínar í Hörpu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsperlur: Aldrei að skilja nemandann eftir einan **23.05** Með vísnasöng **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**

**10.35 Hollywood-hundur með hvolpa** *(Beverly Hills Chihuahua II)* Ofdekraður smáhundur í Hollywood eignast hvolpa.

**12.00 Hin útvöldu** *(1:2) (De udvalgte)* Heimildarmynd í tveimur hlutum um umsækjendur um nám í Konunglega danska listdansskólanum.

**13.00 Kingdom lögmaður** *(1:6) (e)*

**13.50 Ár með sænsku konungsfjölskyldunni** *(Året med kongefamilien)*

**14.50 Tónleikakvöld** *(BBC Proms 2011: Last Night of the Proms) (e)*

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Stundin okkar** *(8:31)*

**18.25 Dýraspítalinn** *(4:10)*

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.35 Framandi og freistandi 3** *(1:9)* Í þessari nýju syrpu heldur Yesmine Olsson áfram að kenna okkur framandi og freistandi matreiðslu.

**21.10 Sönnunargögn** *(15:16) (Body of Proof II)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

**22.00 Glæpahneigð - Grunsamleg hegðun** *(3:13) (Criminal Minds: Suspect Behaviour)* Bandarísk þáttaröð um rannsóknarsveit innan Alríkislögreglunnar og glímu hennar við glæpamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**22.45 Downton Abbey** *(6:9) (e)*

**23.35 Byssurnar í Navarone** *(The Guns of Navarone)* Myndin frá 1961, byggð á sögu eftir Alistair MacLean og segir frá sveit breskra hermanna sem er send inn í hernám Þjóðverja í Grikklandi til að eyðileggja fallbyssuhreiður.

**02.05 Kastljós** *(e)*

**03.00 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**11.10 Christmas Cottage**

**12.55 The Holiday**

**15.10 Hetjur Valhallar – Þór**

**16.35 Christmas Cottage**

**18.20 The Holiday**

**20.35 Hetjur Valhallar – Þór**

**22.00 The Help**

**02.20 Crank: High Voltage**

**03.55 The Help**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.05 Malcolm in the Middle** *(18:22)*

**08.30 Ellen** *(67:170)*

**09.15 Bold and the Beautiful**

**09.35 Doctors** *(50:175)*

**10.15 White Collar** *(13:16)*

**11.00 Who Do You Think You Are?** *(5:7)*

**11.45 Man vs. Wild** *(14:15)*

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Better With You** *(9:22)*

**13.25 It‘s Complicated**

**15.20 Evrópski draumurinn** *(2:6)*

**16.05 Bardagauppgjörið**

**16.30 Histeria!**

**16.50 Bold and the Beautiful**

**17.10 Nágrannar**

**17.35 Ellen** *(68:170)*

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Big Bang Theory** *(16:23)*

**19.45 The Middle** *(7:24)*

**20.10 The Amazing Race** *(1:12)*

**20.55 NCIS** *(3:24)* Áttunda þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta og fjallar um sérsveit lögreglumanna í Washington sem rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin sem Jethro Gibbs og félagar þurfa að glíma við eru orðin bæði flókinari og hættulegri.

**21.45 Person of Interest** *(10:23)* Fyrrverandi leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki. Þættirnir koma úr smiðju J.J. Abrams.

**22.30 Breaking Bad** *(4:13)*

**23.20 Homeland** *(12:12)*

**00.15 The Gambler, The Girl and the Gunslinger**

**01.40 To Be Fat Like Me**

**03.10 It‘s Complicated**

**05.10 The Big Bang Theory** *(16:23)*

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT besta sætið

**07.00 Þýskaland: Flensburg - Kiel**

**16.15 Meistaradeild Evrópu: Chelsea - Nordsjælland**

**18.00 Þýskaland: Flensburg - Kiel**

**19.25 KPMG mótið** Skemmtilegur þáttur um mótið þar sem úrvalslið Reykjavíkur mætir úrvalsliði landsbyggðarinnar í bráðfjörugu móti í anda Ryder-bikarsins.

**20.25 Spænski boltinn: Barcelona - Real Madrid**

**22.05 UFC in Nottingham** Útsending frá fyrsta bardaga Gunnars Nelson innan UFC-samtakanna í blönduðum bardagalistum.

## SPORT 2 enski boltinn

**07.00 Man. Utd - Newcastle**

**11.05 Sunderland - Man. City**

**12.45 Everton - Wigan**

**14.30 Fulham - Southampton**

**16.10 Aston Villa - Tottenham**

**17.50 Sunnudagsmessan**

**19.05 Premier League Review Show**

**20.00 PL Classic Matches: Man. United - Middlesbrough, 1996**

**20.30 Premier League World**

**21.00 Premier League Review Show**

**22.00 Football League Show 2012/13**

**22.30 Norwich - Chelsea**

**00.10 Stoke - Liverpool**

## 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.00 Könnuðurinn Dóra**

**08.25 Svampur Sveinsson**

**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**

**09.00 UKI**

**09.10 Elías**

**09.25 Strumparnir**

**09.45 Latibær** *(5:18)*

**10.10 Ofurhundurinn Krypto**

**10.35 Histeria!**

**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**

**17.00 Villingarnir**

**17.20 Ofurmennið**

**17.45 Njósnaskólinn** *(5:13)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(2:22)*

**17.25 Íslenski listinn**

**17.50 Sjáðu**

**18.15 Gossip Girl** *(12:25)* Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**19.00 Friends** *(24:24)* Það er komið að lokaþætti þessarar þáttaraðar en það er nóg um að vera þar sem þeim vinunum fer fjölgandi.

**19.25 Simpson-fjölskyldan** *(6:23)* Hómer fagnar nýtilkomnum blómabarnaarfi sínum.

**19.50 How I Met Your Mother** *(1:24)* Í þessari fjórðu seríu fáum við að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin.

**20.15 Suburgatory** *(20:22)* Ný gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.

**20.40 Pretty Little Liars** *(20:25)* Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.

**21.25 Eastwick** *(1:13)* Þáttaröð um þrjár konur í bænum Eastwick sem fá óvænta og dularfulla krafta frá manni sem er ekki allur þar sem hann er séður.

**22.10 Suburgatory** *(20:22)*

**22.35 Pretty Little Liars** *(20:25)*

**23.20 Eastwick** *(1:13)*

**00.05 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## 2 GULL

**18.15 Doctors** *(100:175)*

**19.00 Ellen** *(68:170)*

**19.45 Strákarnir**

**20.15 Stelpurnar** *(10:20)*

**20.40 Ríkið** *(10:10)*

**21.05 Fóstbræður**

**21.40 Það var lagið**

**22.40 Friends** *(21:24)*

**23.05 Strákarnir**

**23.35 Stelpurnar** *(10:20)*

**00.00 Ríkið** *(10:10)*

**00.25 Fóstbræður**

**00.55 Það var lagið**

**01.55 Friends** *(21:24)*

**02.20 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** *(e)*

**08.45 Dr. Phil** *(e)*

**09.35 Pepsi MAX tónlist**

**14.50 The Voice** *(15:15) (e)*

**16.45 Rachael Ray**

**17.30 Dr. Phil**

**18.20 Ringer** *(17:22) (e)*

**19.10 The Office** *(8:27) (e)*

**19.35 America‘s Funniest Home Videos** *(18:48) (e)*

**20.00 Will & Grace** *(24:24) (e)*

**20.25 Happy Endings** *(9:22)* Hrapallegur misskilningur verður til þess að húshjálpin fær fullt umslag af peningum og þarf vinahópurinn að taka á honum stóra sínum til að ná því til baka.

**20.50 30 Rock** *(19:22)* Deilur eru uppi um hvort það borgi sig að senda út hin vinsæla þátt í beinni útsendingu eður ei.

**21.15 House** *(15:23)* Þetta er síðasta þáttaröðin um snillinginn sérvitra House. Fyrrverandi hermaður sem kærður hefur verið fyrir landráð neitar læknishjálp nema herinn uppljóstri leyndarmáli úr fortíðinni.

**22.00 The World is Not Enough**

**00.10 The Silence of the Lambs** Spennumynd frá árinu 1991 með stórleikurunum Jodie Foster og Anthony Hopkins sem bæði hlutu Óskarsverðlaun fyrir leik sinn. FBI-fulltrúinn Clarice Starling leitar raðmorðingjans Buffalo Bill sem hefur unun af því að húðfletta konur. Til að reyna að skilja hvernig svona ódæðismenn hugsa leitar Clarice til annars raðmorðingja, Hannibal Lecter. Bönnuð börnum.

**02.10 Excused**

**02.35 Happy Endings** *(9:22) (e)*

**03.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.05** Ryder Cup Official Film **1995** **09.00** Ryder Cup **2010** *(3:4)* **13.15** Ryder Cup **2010** *(4:4)* **19.25** US Open **2012** *(2:4)* **01.00** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Jólatónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó **FM 90,1** Rás 2 **FM 90,9** Gullbylgjan **FM 93,5** Rás 1 **FM 95,7** FM957 **FM 96,3** FM Suðurland **FM 96,7** Létt Bylgjan **FM 97,7** X-ið **FM 98,9** Bylgjan **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 100,5** Kaninn **FM 102,2** Útvarp Latibær **FM 102,9** Lindin **FM 105,5** Útvarp Boðun





ÚTSALAN
HEFST Í DAG!
IKEA
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is
IKEA®
© Inter IKEA Systems B.V. 2012

## SJÓNVARPSPÁTTURINN



**„Það eru gamanþættirnir Arrested Development.“**

Helga Þórey Jónsdóttir, kvikmyndafræðingur.

# Tristan Garner spilar afmælissönginn

Óli Geir byrjaði sem barþjónn þegar hann var átján ára en fagnar nú fimm ára afmæli agent.is

„Þetta byrjaði bara sem fíflagangur en nú eru komin fimm ár og við höfum haldið fjölda viðburða, sjáum núna um bókanir fyrir fimmtán skemmtistaði um landið og höfum verið að flytja inn hvern stóra plötusnúðinn á fætur öðrum,“ segir partípinninn Óli Geir hjá Agent.is.

Agent.is heldur upp á fimm ára afmæli sitt um þessar mundir og segir Óli Geir þessi ár hafa verið frábær. „Þetta þróaðist út frá því að ég var að vinna sem barþjónn á skemmtistað þegar ég var átján ára. Eitt kvöldið var plötusnúðurinn veikur svo ég hljóp í skarðið. Það gekk svo vel að ég fór að spila oftar og var svo gerður að skemmtanastjóra þar. Síðan fór ég að spila á fleiri stöðum og áður en ég vissi af var ég farinn að skipuleggja alls konar partí úti um allt og þannig byrjaði ferillinn,“ rifjar Óli Geir upp.

Í tilefni afmælisins ákvað Óli Geir að gefa sjálfum sér góða afmælisgjöf og flytja til landsins sinn uppáhalds plötusnúð, Tristan Garner. Sá mætir í afmælisteitið 29. desember og spilar afmælissönginn. „Svo er aldrei að vita nema hann taki fleiri lög líka,“ segir Óli Geir og hlær. Tristan Garner er franskur plötusnúður sem hefur notið gríðarlegra vinsælda um allan heim á undanförnum árum. Auk hans kemur fjöldi íslenskra listamanna fram þetta kvöld. „Margir af þessum gaurum sem hafa verið að spila á mínum viðburðum ætla að koma og taka lagið,“ segir Óli Geir og nefnir sem dæmi Erp Eyvindarson, Steinda Jr. og hljómsveitina Úlfur Úlfur. „Við ætlum að enda árið með stæl. Þetta verður magnað,“ segir hann að lokum. - trs



**ÓLI GEIR** Fagnar fimm ára afmæli Agent.is. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON











**SIRKUS Í MÝRINA** Max Dager, Ilmur Dögg Gísladóttir og Kristín Scheving skipuleggja sirkuslistahátíðina VOL.CAN.O sem fram fer í Vatnsmýrinni næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sirkusþorp rís í Vatnsmýrinni

Sirkushátíð fer fram í Vatnsmýrinni næsta sumar. Fjögur tjöld verða reist í námunda við Háskóla Íslands. Norræna húsið skipuleggur hátíðina ásamt fleirum.

„Nú sitjum við með fjall af umsóknum víðs vegar að úr heiminum. Við vissum að sirkussenan væri sterk alþjóðlega en áttum alls ekki von á þessum mikla áhuga. Þegar við erum búin að fara í gegnum umsóknirnar verðum við með rjómann að því sem er að gerast í „nýja sirkusnum“ svokallaða, það er alveg ljóst,“ útskýrir Kristín Scheving, verkefnastjóri VOL.CAN.O sirkuslistahátíðarinnar sem fram fer í Vatnsmýrinni næsta sumar. Norræna húsið stendur að hátíðinni ásamt Cirkus Xanti frá Noregi og Cirkus Cirkör frá Svíþjóð.

Kristín hefur unnið að skipulagningu hátíðarinnar frá því í sumar og segir það hafa komið sér á óvart hversu lifandi sirkussenan á Norðurlöndunum er. Hún segir hugtakið „nýsirkus“ notað til aðgreiningar frá hinum hefðbundna sirkus þar sem dýr voru í aðalhlutverki. Í nýsirkus er áherslan hins vegar á mannslíkamanum.

Max Dager, forstjóri Norræna hússins, var einn af stofnendum Cirkus Cirkör og er hugmyndin að sirkuslistahátíðinni frá honum komin. „Ég hef fylgst með norrænu sirkussenunni í áratugi og ferðast með Cirkus Cirkör um allan heim. Eitt af markmiðum Cirkus Cirkör er að sanna að allt er mögulegt og það gerum við með því að blanda saman meira og minna öllum listformum og storka þyngdarlögmálinu með fífldjarfri ástríðu,“ segir Dager.

Að sögn Kristínar hafa um hundrað umsóknir borist og nú tekur við hið vandasama verk að velja bestu atriðin úr fjölmennum hópi umsækjenda. Fjögur tjöld verða reist í Vatnsmýrinni fyrir hátíðina og verður hið stærsta um þrettán metrar að hæð. „Það er í mörg horn að líta og sem betur fer nýt ég liðsinnis fagfólks við verkið. En það stefnir allt í frábæra fjölskylduhátíð,“ segir hún að lokum. Um þessar mundir eru í boði miðar á sýningu Cirkus Cirkör, Wear it like a crown, á sérstöku jólaverði, eða 3.990 krónur miðinn. - sm

# Brýtur matprjóna með rassinum

Bandaríska kraftakonan Mama Lou kemur fram með Fullorðinssirkus í Iðnó.

„Ég hlakka mikið til og þykir gaman að fá að taka þátt í uppbyggingu sirkuslista hér á Íslandi,“ segir bandaríska búrleskukraftakonan Mama Lou, sem verður sérstakur gestur Fullorðinssirkussins Skinnsemi á tveimur sýningum í Iðnó í kvöld og annað kvöld. Einnig kemur Eyrún Ævarsdóttir fram með sirkusnum við þessi tilefni, en hún stundar nám við hinn virta Codarts-sirkuslistaskóla í Rotterdam í Hollandi þessi misserin.

Mama Lou kom til Íslands um miðjan desember og hefur notið jólanna á heimili sirkusstjórans Lee Nelson. Hún segist kunna vel við íslenskar jólahefðir og bragðaði meðal annars á kæstri skötu á Þorláksmessu eins og lög gera ráð fyrir. „Skatan var hræðileg. Ég var með magapínu í tvo klukkutíma eftir að ég borðaði hana, en ég er samt mjög fegin að ég gerði það. Svona nokkuð verða kraftakonur að ráða við,“ segir Mama Lou. Hún hefur starfað sem atvinnukraftakona í sjö ár og ferðast um allan heim vegna starfans. Meðal þess sem hún býður upp á í atriði sínu er að brjóta hluti með rasskinnunum. Aðspurð segir hún ýmsa hluti koma til greina í þeim tilgangi. „Ég get brotið harða hluti eins og blýanta, en skemmtilegast finnst mér að brjóta matprjóna. Ekki mjúku skyndibitategundina heldur þessa hörðu fínu sem maður býður upp á í matarboðum.“ - kg




**STERK** Mama Lou hefur starfað sem atvinnukraftakona í sjö ár.


Reebok
FITNESS
HOLTAGÖRÐUM
VERTU TIL.
3.990 KR/MÁN - ENGIN BINDING!
FULLKOMIN ÆFINGAAÐSTÐA - FRÍTT Í ALLA HÓPTÍMA
NETBÓKUN OG ÞÚ ÁTT PLÁSS. ALLIR VINSÆLUSTU HÓPTÍMARNIR
ZUMBA-HOTYOGA-BUTTLIFT-BODY PUMP-HJÓLATÍMAR OG MIKIÐ FLEIRI
ALLAR UPPLÝSINGAR Á NETINU, REEBOKFITNESS.IS - RFC.IS - M.RFC.IS
Ath. Meðlimagjald er greitt í upphafi áskriftar.

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stórsöngvarar á Jóla Gó

Bassaleikarinn **Guðmundur Óskar Guðmundsson**, sem meðal annars er í hljómsveitunum Hjaltalín og Tilbury, heldur árlega jólatónleika sína á Rosenberg í kvöld. Guðmundur hefur undanfarin ár haldið tónleika milli jóla og nýárs undir nafninu Jóla Gó og fengið til sín ýmsa gesti til að spila og syngja. Meðal gesta í ár eru Sigríður Thorlacius, Sigurður Guðmundsson, Högni Egilsson, Dísa Jakobs og Snorri Helgason. Síðustu ár hafa færri komist að en vilja á tónleikana og verður leikurinn því endurtekinn á laugardagskvöld. Tónleikarnir hefjast klukkan níu.



### Fyrstu jólin einir í borg englanna

Þremenningarnir í íslenska upptökuteyminu StopWaitGo hafa nú komið sér fyrir í Los Angeles í Bandaríkjunum, þar sem þeir freista þess að uppfylla drauminn um frægð og frama. Teymið skipa bræðurnir **Ásgeir Orri Ásgeirsson** og **Pálmi Ragnar Ásgeirsson** ásamt **Sæþóri Kristjánssyni**. Þeir héldu jólin hátíðleg í fyrsta sinn einir og fjarri heimahögum í ár. Þeir virðast hafa vikið örlítið út frá íslenskum jólahefðum því aðfangadagur hófst með tásnyrtingu á viðeigandi stofu. Kærustur þeirra bræðra heimsóttu þá einnig yfir jólin og sáu til þess að allt gengi eins og í sögu.

- þj




## Mest lesið vísir

1 „Við erum bara hrædd og kvíðin"
2 Kviknaði í tveimur bílum við íbúðarhús
3 Fjölskylda Matthíasar vonast til að hann fái viðeigandi aðstoð
4 Morðinginn skildi eftir sig langt bréf
5 Beggi og Pacas í skýjunum eftir að ljóninu var skilað




FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

